

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
ÁRSSKÝRSLA 2021



Útgefandi: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Umsjón: María Ásdís Stefáns Berndsen

Prófarkalestur: Pétur Ástvaldsson

Útlit og umbrot: Helgi Hilmarsson

Ljósmyndarar: Böðvar Þórisson, Charla Basran, Dagrún Jónsdóttir, Dreki Guls, Eiríkur Valdimarsson, Filipa Samarra, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Hákon Hansson, Jón Jónsson, Jón Einar Jónsson, Kristinn Ingvarsson, Marianne Rasmussen, Ragnar Edvardsson, Tómas G. Gunnarsson, Unnur Birna Karlsdóttir, Vilhelm Vilhelmsson og Þorvarður Árnason.

Reykjavík 2022



EFNISYFIRLIT

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	4
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	6
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	8
Starfsemi í Vestmannaeyjum	10
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	12
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	14
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	18
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa	20
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	22
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík	24
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi	26
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík	28



STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

20 ár eru síðan fyrsta rannsóknasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni var sett á fót. Nánar tiltekið tók Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði til starfa 30. nóvember 2001 og var Rannveig Ólafsdóttir fyrsti forstöðumaður þess. Það má með sanni segja að Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands hafi stækkað og eflst á þessum tveimur áratugum en nú eru tíu rannsóknasetur starfrækt um landið, á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Austurlandi og Breiðdalsvík. Og þá er einnig starfsemi á vegum stofnunarinnar í Vestmannaeyjum.

Sem fyrr er markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands m.a. að stuðla að rannsóknum og menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land. Einnig að vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélag setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin sitt af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnulíf og samfélag. Rannsóknaviðfangsefni setranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði, þjóðfræði og nú síðast jarðfræði.

Akademískir starfsmenn rannsóknasetrana koma flestir að kennslu, fyrst og fremst með leiðbeiningu framhaldsnema, í meistara- og doktorsnámi. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið á meistarastigi við nokkur rannsóknasetrana auk þess sem starfsfólk setranna tekur þátt í kennslu í fleiri námskeiðum deilda Háskóla Íslands.

Rík áhersla er á virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi í starfsemi rannsóknasetrana. Hvort sem það er með rannsóknum á brýnum viðfangsefnum samtímans, eins og loftslagsmálum, með samstarfi við önnur skólastig eða miðlun rannsókna og þekkingar.

Starfsmenn voru 64 talsins í tæplega 35 stöðugildum á árinu 2021 sem er nokkur fjölgun frá árinu áður þegar ársverkin voru 28 talsins. Helsta skýringin er að mikill fjöldi rannsóknaverkefna er fjármagnaður af styrkjum þar sem ráðnir eru doktorsnemar og meistaranemar. Þá voru stúdentar ráðnir í sumarstörf með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna auk sumarstarfa með stuðningi stjórnvalda.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2021 var Sæunn Stefánsdóttir. Ráðgefandi nefnd var skipuð þeim Guðmundi Hálfánarsyni, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild HÍ, sem var formaður, Jörundi Svavarssyni, prófessor við Líf- og umhverfivísindadeild HÍ, Guðrúnu Á. Jónsdóttur, fulltrúa háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú,

Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, og Halldóri Pálmarí Halldórssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum sem tók sæti Tómasar Grétars Gunnarssonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um haustið. Nefndin fundaði sjö sinnum á árinu.


Þrátt fyrir heimsfaraldur gekk starfsemi rannsóknasetrana nokkuð vel á árinu. Fjarfundir og fjarvinna eru þó starfsfólki rannsóknasetra háskólans alls ekki ókunnug og ef eitthvað var stóð samhentur hópur starfsfólks rannsóknasetrana enn þéttar saman í gegnum faraldurinn. Ársfundur stofnunarinnar var þó haldinn í fjarfundi 18. mars 2021 og má finna [upptöku af fundinum](#) á vef stofnunarinnar.

Starfsfólk rannsóknasetra tók þátt í undirbúningi og samráði í tengslum við gerð nýrrar stefnu Háskóla Íslands, HÍ26. 2021 hófst vinna á vegum ráðgefandi nefndar með skipan stýrihóps úr röðum forstöðumanna setranna og fulltrúa ráðgefandi nefndar auk forstöðumanns og verkefnisstjóra stofnunarinnar til að vinna forgangsriðun stefnuáherslna rannsóknasetrana með hliðsjón af HÍ26. Verður sú vinna kynnt á ársfundi stofnunarinnar sem haldinn verður á Hornafirði.

Starfsemi rannsóknasetrana hefur eflst á undanföllum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Á sama tíma hefur þó markmiði stofnunarinnar enn ekki verið náð um að á hverju rannsóknasetri séu tveir fastir starfsmenn. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Sértekjur, eins og í formi rannsóknastyrkja, hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var það einnig svo 2022. Aukin framlög sveitarfélaga til starfsemi einstakra setra hafa einnig skipt miklu máli og stuðningur sem þessi er starfsemi setranna afar mikilvægur. Mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetrana til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólki, efla innviði og þar með styrkja enn frekar starfsemi setranna. Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem Háskóli Íslands vill stuðla að, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum.

Sæunn Stefánsdóttir

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands
Mars 2022





RANNSÓKNASETUR HÍ Á HORNAFIRÐI

Fastráðnir starfsmenn voru dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður og fræðimaður, og dr. Soffía Auður Birgisdóttir, fræðimaður. Aðrir samningsbundnir starfsmenn voru verkefnastjórnarnir dr. Johannes Welling (100%) og David C. Ostman (75%), auk dr. Kieran Baxters nýdoktors (25%). Sumarstarfsmenn voru fjórir: Arndís Ósk Magnúsdóttir (25%), Gyða Þórhallsdóttir (25%), Riley Knudsen (15%) og Sigurður Ragnarsson (10%). Við setrið unnu einnig Erasmus-nemarnir Alexandra Jakubciakova frá Hollandi, Glauco Piccione frá Ítalíu og Ole Neumann frá Þýskalandi. Doktorsnemarnir Christopher Dunn frá Bandaríkjunum og Mariana Ungureanu frá Frakklandi fengu jafnframt vinnuáðstöðu á setrinu um tíma.

Þorvarður leiðbeindi einum nýdoktor og tveimur doktorsnemum en Soffía Auður einum BA-nema og lauk sá prófi á árinu. Þorvarður hafði umsjón með árlegu vettvangsnámskeiði sínu um *Stjórnun friðlýstra svæða* og annaðist einnig stundakennslu í þremur öðrum námskeiðum, þar á meðal nýju vettvangsnámskeiði, *Eldur og ís – náttúruöflin, nám og upplifun*, í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Soffía Auður var gestakennari í sex vikur við Fróðskaparsetur Færeyja, þar sem hún kenndi námskeiðið *MeToo og bókmenntir*. Rannsóknasetrið tók á móti fjórum erlendum nemendahópum; á vegum National Geographic Student Expeditions, Student Travel International og Objectif Science International.

Meginrannsóknasvið setursins voru sem fyrr bókmenntir og menning, ásamt umhverfis-, loftslags- og ferðamállum. Helstu verkefni ársins voru *Fjalskyldubréf* og *saga systra* – kynjafræði- og ævisöguleg rannsókn, *Rannsóknir á íslenskum nútímabókmenntum*, og tvö tengd verkefni í ferða-


málum: *Scientific Tourism* (SCITOUR, styrkt af NPA) og *Þróun vísindafærðisþjónustu* (styrkt af Loftslagssjóði). Lokið var við tvö eldri rannsóknaverkefni, um kortlagningu víðerna á landsvísi og um landslagsáhrif vindorkuvera, sem unnin voru fyrir Rammaáætlun. Enn fremur var áfram unnið að þróun sjónrænna aðferða við rannsóknir og vísindamiðlun um birtingarmyndir

hnattrænna loftslagsbreytinga. Vinna hófst við nýtt verkefni, *Breiðamerkurjökull 2121*, sem hlaut Vísinda- og nýsköpunarverðlaun Háskóla Íslands í flokki samfélagslegra verkefna, auk styrks frá Kvískerjasjóði. Þá tók setrið þátt í verkefninum *Nýsköpun-Menntun-Rannsóknir* (með Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu) sem styrkt var af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, *Nordic Connections* (með University of the Highlands and Islands á Hjallandseyjum) styrkt af Arctic Connections í Skotlandi og *FÓLEGO* (með ýmsum sam-

starfsaðilum í Portúgal) styrkt af EEA/Norway Grants.

Þorvarður var fulltrúi í faghópi 1 í fjórða áfanga Rammaáætlunar, formaður skólanefndar Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og átti sæti í fagráði C-9 verkefna. Soffía Auður situr í ritstjórn vefjarins www.skald.is sem hlaut Samfélagsstyrk frá Háskóla Íslands, auk styrks frá Seðlabanka Íslands. Soffía Auður sat jafnframt í valnefnd fyrir lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Þorvarður aðstoðaði þáttagerðarmenn frá sjónvarpsstöðvunum CBS, CNN og 9News við gerð fréttæfnis um bráðnun jökla á Íslandi. Soffía Auður stóð fyrir málþingi um þýðandann Arnheiði Sigurðardóttur í samstarfi við Þýðingarsetur Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í fyrirlestaral Þjóðarþóklöðu 16. október. Fyrirlestur Soffíu Auðar var síðar birtur á vef Árnastofnunar.

Fjöldi rannsóknaverkefna:	10
Fjöldi samstarfsverkefna:	7
Fjöldi fræðimanna sem nýta sér aðstöðuna:	3
Doktorsnemar	2
BA/BS nemar	1
Útskrifaðir nemar á árinu (BA)	1
Fjöldi námskeiða á vegum HÍ hjá setrinu:	1





ÚTGÁFA

- David C. Ostman (2021). *Rammaáætlun 4: Landscape and Wilderness Data Collection Report 2020*. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.
- David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason (2021). *Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu*. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.
- David Ostman og Pétur Þór Gunnlaugsson (2021). *Visibility analysis of power transmission towers: a comparison study*. Reykjavík: Landsnet, Rannsóknasetrið á Hornafirði og Norconsult.
- David C. Ostman og Þorvarður Árnason (2021). *Landslagsáhrif vindorkuvera - þróun aðferðafræði til greiningar og mats*. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). „... og það út af stelpu!“ Um „Súpermann“ eftir Ástu Sigurðardóttur. *Ástusögur. Líf og list Ástu Sigurðardóttir*. Ritstjórar: Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir. Reykjavík: Lesstofan, bls. 78-99.
- Sóllilja Bjarnadóttir, Inga R. Sæmundsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Þorvarður Árnason og Guðbjörg A. Jónsdóttir (2021). „Hefur umhverfisvitund aukist? Viðhorf Íslendinga til umhverfismála og stóriðju 1987-2017“. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 17(1): 49-78.

RITDÓMAR

- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). „Með augum Gratiönu. Um Hansdætur eftir Benný Sif Ísleifsdóttur.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti 2021, bls. 122-125.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). „Baráttan gegn málaglundroðanum. Um Lífandi mál lífandi manna: Esperantótímabil Þórbergs Þórðarsonar eftir Kristján Eiríksson.“ *Tímarit Máls og menningar*, 2. hefti 2021, bls. 132-137.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). Enn á fortíðin erindi við okkur. Ritdómur um Skáldkona gengur laus: Erindi nítjándu aldar skáldkvenna við heiminn, eftir Guðrúnu Ingólfsdóttur. Birt á Skáld.is 5. des. 2021
- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). Rýnt í samskipti kynjanna á kvennaári. Ritdómur um Djúpið eftir Benný Sif Ísleifsdóttur. Birt á Skáld.is 4. des. 2021
- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). Sverrir hótar. Sverrir ræður og Sverrir á réttinn. Ritdómur um *Konan hans Sverris* eftir Valgerði Ólafsdóttur. Birt á Skáld.is 30. nóv. 2021

RITSTJÓRN

- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). Fræðileg ritstjórn á bók Auðar Aðalsteinsdóttur: *Þvílíkar ófreskjur. Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmennta-sviði*. Selfoss: Sæmundur.



Soffía Auður Birgisdóttir (2021). Ritstjórnarmeðlimur bókmenntavefsins *Skáld.is*, sjá <https://www.skald.is/>

NEMENDARITGERÐIR

Unnur Steina K. Karlsdóttir (2021). *Baráttukonan Kirka. Um birtingarmynd feðraveldi í skáldsögunni Circe eftir Madeline Miller*. BA-ritgerð í almennri bókmenntafræði.

FYRIRLESTRAR

- David Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason (2021). Nationwide Wilderness Mapping in Iceland: Implications for Tourism. 29th Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, 21.-23. september 2021.
- Eyjólfur Guðmundsson og Þorvarður Árnason (2021). Menntun og byggðamál í landfræðilega einangruðu sveitarfélagi. Byggðaráðstefnan 2021 - Menntun án staðsetningar, 26.-27. október 2021.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). Jarðfagurfræði Þórbergs: Náttúruleg líf lífandi manna í Suðursveitarbókum Þórbergs Þórðarsonar. Erindi á málþingi á Rannsóknasetri H.Í. á Breiðdalsvík, 21. ágúst 2021.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). Þýðandinn Arnheiður Sigurðardóttir. Erindi flutt á Arnheiðarþingi í fyrirlestrarsal Landsbókasafns, 16. október 2021.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). „— og það út af stelpu!“: Um „Súpermann“ eftir Ástu Sigurðardóttur. Fyrirlestur á Ástupingi í Þjóðleikhúsinu, 21. nóvember 2021.
- Þorvarður Árnason (2021). Ecology of nature conservation in Iceland. Vistfræðiráðstefnan, 16.-17. apríl 2021.
- Þorvarður Árnason (2021). Picturing the past, illuminating the future: On the role of visualization in climate change communication. Erindi flutt á rafrænni málstofu á vegum Arctic Network for Climate Adaptation and Food Security, 3. júní 2021.
- Þorvarður Árnason og Johannes Welling (2021). SCITOUR - Icelandic case: Establishing a sustainable network. Orkney International Science Festival, 2.-8. september 2021.
- Þorvarður Árnason, Kieran Baxter og M Jackson (2021). *After Ice - bak við tjöldin*. Fundur Jöklarannsóknafélags Íslands, 23. mars 2021.

KVIKMYNDIR

- Kieran Baxter, Þorvarður Árnason og M. Jackson (2021). *After Ice*. Stuttmynd (12 mín.) um áhrif loftslagsbreytinga, í opnum aðgangi á veldarvefnum.
- Þorvarður Árnason og Gunnlaugur Þór Pálsson (2021). *Hinn stóri samhljómur Sandsins*. Heimildamynd (31 mín.), um náttúrufrá Breiðamerkursands.



RANNSÓKNASETUR HÍ Á SUÐURLANDI

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi er staðsett á Laugarvatni. Starfslíð setursins eru tveir fastráðnir starfsmenn, Böðvar Þórisson verk-efnastjóri og Tómas Grétar Gunnarsson forstöðumaður. Gestavísindamaður, nýdoktor, þrír doktorsnemar, meistaranemi og sumarstarfsmenn störfuðu einnig við setrið á árinu 2021.

Við rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Meginstef í rannsóknunum er uppbygging þekkingar sem nýtist til að spá fyrir um áhrif fjölbreyttra gerða landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Slík þekking verður æ mikilvægari eftir því sem möguleikar á nýtingu lands verða fjölbreyttari og þrýstingur á notkun lands eykst. Mikill skortur er á upplýsingum um tengsl landnotkunar og náttúruvafars á Íslandi en þær nýtast til að stuðla að sjálfbærum lífsháttum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði auðlindanýtingar og náttúruverndar. Við setrið eru einnig stundaðar grunnrannsóknir á stofnstjórnun farfugla en Ísland er afar heppilegur vettvangur til slíkra rannsókna. Farfuglar eru gjarnan einnig viðfangsefni rannsókna okkar á áhrifum landnotkunar á lífríki.

Auk þess að skipuleggja og stjórna tímabundnum verkefnum, einkum nýdókta og framhaldsnema, eru rekin langtíma verkefni við setrið. Uppbygging langtímarannsókna á landvistkerfum hefur staðið yfir frá 2011 en markmið þeirra er að geta í framtíðinni skýrt betur drifkrafta landbreytinga og áhrif þeirra á landvistkerfi og lífsgæði. Böðvar Þórisson hefur umsjón með langtíma verkefnum, skipuleggur útvinnu og viðheldur gagna-grunnum og tekur auk þess þátt í flestum verkefnum setursins.

Aldís Erna Pálsdóttir doktorsnemi rannsakar áhrif mannvirkja og skógar-jaðra á fuglastofna á láglandi en þessar gerðir landnotkunar færast mjög í aukana og hafa mögulega veruleg áhrif á að Íslendingar geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði náttúruverndar. Aldís hefur lokið útvinnu og leggur nú lokahönd á doktorsritgerð. Maite Cerezo doktors-

nemi stundar rannsóknir á tengslum varppéttleika og stofnvistfræði hjá fuglum. Þessi tengsl stýra áhrifum umhverfisbreytinga á stofna. Hún hefur einnig lokið útvinnu og vinnur að doktorsritgerð. Sölvi Rúnar Vignisson doktorsnemi rannsakar stjórnun á farháttum fugla, einkum hvernig atburðir í æsku hafa áhrif á einstaklinga á fullorðinsárum og á stofna farfugla. Aron Alexander Þorvarðarson meistaranemi rannsakar þætti sem stjórna því hversu mikið er af fuglum í mismunandi votlendi.

José Alves, vísindamaður við Háskólann í Aveiro, hefur starfað við setrið á sumrin í allmörg ár en hann kemur að fjölbreyttum rannsóknum á Íslandi og erlendis og að leiðbeiningu framhaldsnema. Hann starfaði einkum við rannsóknir á stofnvistfræði tjaldra á árinu 2021 en verkefnisstyrkur fékkst frá Rannís til að vinna að verkefninu. Camilo Carneiro hlaut nýdoktorsstyrk frá Rannís á árinu til að stunda rannsóknir á vistfræði spóa. Verkefni hans snýst um að tengja fæðuframboð og veðurfar við farhætti og stofnvistfræði spóa.

Nefndarvinna var fyrirferðarmikil á árinu en forstöðumaður sat í faghópi eitt í 4. áfanga Rammaáætlunar og verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar í skógrækt sem luku störfum á árinu. Einnig í stýrihópi um endurskoðun stefnu Íslands hvað varðar vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Almenningsfræðsla er mikilvægur þáttur af starfinu en starfsmenn setursins eiga í samstarfi við grunnskóla um vöktun á fuglum og taka þátt í ýmsum fræðsluverkefnum og halda fyrirlestra þegar við á.

Fjöldi rannsóknaverkefna:	10
Fjöldi samstarfsverkefna:	7
Fjöldi fræðimanna sem nýta sér aðstöðuna:	9
Doktorsnemar	3
MS	1

RITVERK

Camilo André Ferreira Carneiro, Tómas Grétar Gunnarsson, Verónica Méndez, Amadeu M.V.M. Soares, Jose Augusto Belchior Alves 2021.

Linking range wide energetic tradeoffs to breeding performance in a long-distance migrant. *Ecography* 44: 512-524.

Bing-Run Zhu, Yvonne I Verkuil, Jesse R Conklin, Ailin Yang, Weipan Lei,



José A Alves, Chris J Hassell, Dmitry Dorofeev, Zhengwang Zhang, Theunis Piersma 2021. Discovery of a morphologically and genetically distinct population of Black-tailed Godwits in the East Asian-Australasian Flyway. *Ibis* 163: 448-462.

Verónica Méndez, J. A. Gill, Böðvar Þórisson, Sölvi Rúnar Vignisson, Tómas Grétar Gunnarsson & José Alves. 2021. Paternal effects in the initiation of migratory behaviour in birds. *Scientific Reports* 11: 1-6.

Tómas Grétar Gunnarsson, Verónica Méndez, José Alves, Sölvi Rúnar Vignisson, Jennifer A. Gill, & Böðvar Þórisson. (2021). Farhættir íslenskra tjalda. *Fuglar*, 13, 22-27.

Böðvar Þórisson, Aldís Erna Pálsdóttir, & Tómas G. Gunnarsson. (2021). Vöktun snjótitlings í manngerðum og náttúrulegum búsvæðum á hálendi Íslands. *Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. Skýrsla til Landsvirkjunar.*

Sölvi Rúnar Vignisson, Böðvar Þórisson, Verónica Méndez, José Alves, Jennifer Gill, Jörundur Svavarsson, Tómas Grétar Gunnarsson 2021. Migration and non-breeding distribution of Icelandic Oystercatcher *Haematopus ostralegus* as revealed by ringing recoveries and colouring sightings. *Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands.*

Maite Cerezo-Araujo, Gunnar Þór Hallgrímsson, Böðvar Þórisson, José A. Alves, Tómas G. Gunnarsson 2021. Spjallað við spóa: using bioacoustics to understand the role of display behaviour in Icelandic whimbrels. *Líffræðiráðstefnan 2021.*

Aldís Erna Pálsdóttir, Jennifer A. Gill, Snæbjörn Pálsson, José A. Alves, Verónica Méndez, Harry Ewing, Tómas G. Gunnarsson 2021. Fragmenting open landscapes: impacts of human infrastructure on breeding waders in Iceland. *Líffræðiráðstefnan.*

Josh Nightingale, Tomas G. Gunnarsson, Jennifer A. Gill, José A. Alves 2021. Does who you know explain what you know? The role of social information in juvenile Black-tailed Godwits' pre-migratory foraging success. *International Wader Study Group Annual conference.*

Maite Cerezo-Araujo, Gunnar Þór Hallgrímsson, Böðvar Þórisson, José A. Alves, Tómas G. Gunnarsson 2021. The power of sound: using bioacoustics to understand the role of display behaviour in Icelandic Whimbrel. *International Wader Study Group Annual conference.*

ERINDI OG VEGGSPJÖLD

Maite Cerezo-Araujo, Gunnar Þór Hallgrímsson, Böðvar Þórisson, José Alves, Tómas G. Gunnarsson 2021. Serenade of a whimbrel: using acoustic monitoring to investigate display behaviour. *Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands.*





STARFSEMI Í VESTMANNAEYJUM

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands hóf starfsemi í Vestmanneyjum í júní 2020 þegar dr. Filipa Samarra var ráðin sem sérfræðingur til að sinna kennslu og rannsóknum tengdum sjávarspendýrum. Annar rannsóknasérfræðingur, dr. Paul Wensveen, nýdoktor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, hefur einnig aðsetur á rannsóknarsetrinu og stundar rannsóknir á andarnefju og búrhvölum í Norðaustur-Atlantshafi með áherslu á íslenskt og norskt hafsvæði.

Árið 2021 hófst nýtt verkefni þar sem áhersla er lögð á að kanna hlutverk umhverfisstöðugleika fyrir vistfræðilega sérhæfingu háhyrninga með Verkefnastyrk RANNÍS. Þetta verkefni mun standa yfir næstu þrjú ár og felur í sér samstarf við samstarfsmenn um allan heim. Vettvangsrannsóknir voru stundaðar um sumarið, meðal annars í samstarfi við Háskólann í St. Andrews í Skotlandi. Í vettvangsrannsóknunum var lögð áhersla á áframhaldandi langfrímavöktunaráætlun háhyrninga í Vestmannaeyjum (sjá icelandic-ocreas.com) sem staðið hefur frá árinu 2008 og fylgst með líffræðilegum fjölbreytileika hvala við eyjarnar. Einnig var lögð áhersla á að merkja háhyrninga, en auk hnúfubaka og grindhvala með merkjum sem skrá hegðun dýranna neðansjávar og hljóð frá merktum hvölum. Gagnasöfnun fer bæði fram á landi og sjó og felur meðal annars í sér skráningu og auðkenningu með aðstoð ljósmyndatækni, atferlisathuganir og hljóðupptökur. Við fylgdumst með háhyrningum, grindhvölum, hnúfubökum, hreftum og hnísam.

Starfsstöðin í Vestmannaeyjum leiðir sem fyrr rannsóknarverkefni um hreyfivistfræði norðlægra hvala og viðkvæmni þeirra fyrir hávaða, styrkt af RANNÍS Verkefnastyrk og nýdoktorastyrk frá HÍ (sjá hypmo.org). Verkefnið er unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og alþjóðlega samstarfsaðila og í því eru notuð sjónræn gögn, auk greininga á vefja- og fæðusýnum. Einnig eru notuð við upptökutækni og gervihnattagögn til að rannsaka far dýranna í Norðaustur-Atlantshafi. Við vettvangsvinnuna árið 2021, sem fól í sér mælingar á norður- og norðausturhluta Íslands og á Azoreyjum í Portúgal, sáust andarnefjur auk nokkurra nefjuhvala. Þrjú djúpsjárhljóðritar með botnfestingu voru endurheimtir af Hafrannsóknastofnun árið 2021 sem gaf af sér nýjar upplýsingar um far andarnefjunnar. Með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna var unnið að verkefni sem fólst í að auka aðgengi almennings að hvalaskoðunarstöðum við ströndina.

Nokkrir nemendur tóku þátt í vettvangsvinnu sumarsins, auk samstarfsaðila og nemenda í starfsþjálfun. Dr. Freydis Vigfúsdóttir ásamt meistaranemendum í umhverfis- og auðlindafræði heimsóttu okkur í ágúst.

Heimsóknin var liður í vettvangsnámi þeirra og hlýddu þau m.a. á fyrirlestur frá Filipu. Hún kenndi einnig um þriggja vikna skeið í námskeiðum um sjávar- og strandvistfræði við Háskólasetur Vestfjarða. Paul tók þátt í starfi National Marine Survey Peer Review Committee of DFO Canada í febrúar til að ræða hættumat fyrir andarnefju og háhyrninga. Hann hélt einnig fyrirlestur á netinu um greiningu á hljóðmerkjagögnum fyrir nemendur frá International Master of Bioacoustics við háskólann í St. Etienne. Nokkrir nemendur og rannsóknaraðstoðarmenn tóku þátt í vettvangsrannsóknum tengdum andarnefju við norðanvert Ísland og Azoreyjar.

Haustið 2021 hófu þrjú meistaranemar og einn grunnnemi rannsóknarvinnu sína, þar sem meðal annars er tekið til skoðunar samspil háhyrninga og grindhvala, hljóðupptökur tengdar hnúfubökum, köfunarhegðun háhyrninga og köfunarhegðun andarnefja. Caroline Haas hóf doktorsnám á árinu og í verkefni sínu skoðar hún hljóðhegðun andarnefju. Námið stundar hún við Háskóla Íslands og Háskólann í St. Andrews. Auk Pauls eru leiðbeinendur hennar þeir Jörundur Svavarsson prófessor, Patrick Miller prófessor og Sacha Hooker prófessor. Á árinu luku tveir meistaranemar og tveir BS-nemar lokaritgerðum eða starfsþjálfun.

Fjöldi rannsóknarverkefna:	2
Fjöldi samstarfsverkefna:	3
Fjöldi fræðimanna sem nýta sér aðstöðuna:	2
Doktorsnemar	4
MS nemar	4
BS nemar	4
Útskrifaðir nemar ár árinu (MS)	1
Útskrifaðir nemar ár árinu (BS)	2
Fjöldi námskeiða á vegum HÍ hjá setrinu:	1

RITASKRÁ

- Aoki, K, Isojunno, S, Charlotte, B, Iwata, T, Kershaw, JL, Akiyama, Y, Martín López, L, Ramp, C, Biuw, M, Swift, R, Wensveen, PJ, Pomeroy, P, Narazaki, T, Hall, A, Sato, K & Miller, P (2021) Aerial photogrammetry and tag-derived tissue density reveal patterns of lipid-store body condition of humpback whales on their feeding grounds. *Proceedings of the Royal Society B: Biological Sciences* 288, 20202307
- Curé, C, Isojunno, S, Siemensma, ML, Wensveen, PJ, Buisson, C, Sivle, LD, Benti, B, Roland, R, Kvadsheim, PH, Lam, FPA & Miller, PJO (2021). Severity scoring of behavioural responses of sperm whales (*Physeter macrocephalus*) to novel continuous versus conventional pulsed active sonar. *Journal of Marine Science and Engineering* 9, 444
- Footo AD, Hooper R, Alexander A, Baird RW, Baker CS, Ballance L, Barlow J, Brownlow A, Collins T, Constantine R, Dalla Rosa L, Davison NJ, Durban JW, Esteban R, Excoffier L, Martin SLF, Forney KA, Gerrodette T, Gilbert MTP, Guinet C, Hanson MB, Li, S, Martin MD, Robertson KM, Samarra FIP, de Stephanis R, Tavares SB, Tixier P, Totterdell JA, Wade P, Wolf JBW, Fan G, Zhang Y and Morin PA (2021) Runs of homozygosity in killer whale genomes provide a global record of demographic histories. *Molecular Ecology* doi: 10.1111/mec.16137
- Isojunno, S, von Benda-Beckmann, AM, Wensveen, PJ, Kvadsheim, PH,




Lam, FPA, Gkikopoulou, K, Pöyhönen, V, Tyack, P, Benti, B, Foskolos, I, Bort, J, Neves, M, Biassoni, N & Miller, PJO (2021). Sperm whales exhibit variation in echolocation tactics with depth and sea state but not naval sonar exposures. *Marine Mammal Science*. Early view

Kvadsheim, PH, Isojunno, S, Cure, C, Siemensma, ML, Wensveen, PJ, Lam, FPA, Roland, R, Benti, B, Sivle, LD, Burslem, A, Kleivane, L & Miller, PJO (2021). The 3S3 experiment data report - Using operational naval sonars to study the effects of continuous active sonar, and source proximity, on sperm whales. Technical Report 21/00688. FFI, Horten, Norway

Remili A, Letcher RJ, Samarra FIP, Dietz R, Sonne C, Desforges JP, Víkingsson G, Blair D and McKinney MA (2021) Individual prey specialisation drives PCBs in Icelandic killer whales. *Environmental Science and Technology* 55(8): 4923-4931

von Benda-Beckmann, AM, Isojunno, S, Zandvliet, M, Ainslie, MA, Wensveen, PJ, Tyack, PL, Kvadsheim, PT, Lam, FPA & Miller PJO (2021). Modeling potential masking of echolocating sperm whales exposed to continuous 1-2 kHz naval sonar. *Journal of the Acoustical Society of America* 149, 2908



poral stability in the social network of Icelandic herring-eating killer whales. Icelandic Biology Conference, Reykjavik, Iceland, 14-16 October 2021 (oral)

Samarra FIP (2021) The orcas that unite us. Orca Watch 2021 (invited oral)

Samarra F, Borrell A, Aguilar A and Víkingsson G (2021) Sharing of food resources between harbour porpoises, white-beaked dolphins, long-finned pilot whales and killer whales in Icelandic waters. Icelandic Biology Conference, Reykjavik, Iceland, 14-16 October 2021 (oral)

Selbmann A, Deecke VB, Fedutin ID, Filatova OA, Miller PJO, Svavarsson J and Samarra FIP (2021) A comparison of Northeast Atlantic killer whale call repertoires. *Society for Marine Mammalogy Editors Select Series*, online, 21 October 2021 (invited oral)

Selbmann A, Svavarsson J, Wensveen PJ and Samarra FIP (2021) Interspecific interactions between pilot whales and killer whales in Iceland. *Vistis - Icelandic Ecological Society Conference*, online 16-17 April 2021 (poster)

Selbmann A, Basran C, Bertulli CG, Hudson T, Mruscok MT, Rasmussen MH, Rempel JN, Scott J, Svavarsson J, Wensveen PJ and Samarra FIP (2021) Occurrence of long-finned pilot whales (*Globicephala melas*) in Icelandic coastal waters and their interactions with killer whales (*Orcinus orca*). Icelandic Biology Conference, Reykjavik, Iceland, 14-16 October 2021 (poster)

Wensveen, PJ, Neubarth, BK, Macrander, A, Miller, PJO, Lam, FPA, Jakobsdóttir, H & Svavarsson, J (2021). Inferring movement patterns of northern bottlenose whales (*Hyperoodon ampullatus*) from photographic information and long-term passive acoustics. 9th Conference of the Ecological Society of Iceland, Online. (poster)

Xuereb N, Magnúsdóttir EE, Ólafsdóttir K, Samarra F, Víkingsson G and Svavarsson J (2021) Cortisol and persistent organic pollutant (POP) levels in stranded long-finned pilot whales (*Globicephala melas*) in Iceland. Icelandic Biology Conference, Reykjavik, Iceland, 14-16 October 2021 (oral)

NEMENDARITGERÐIR

Blackwood, Gabriela (2021). Evaluating the morphological and ecological information of the cephalopod specimens collected during MFRI trawls, between 2018 and 2020. Report on placement year, University of Glasgow, UK. 31 pp

Jakobsdóttir, Hólfríður (2021). Group size and composition of northern bottlenose whales (*Hyperoodon ampullatus*) between Iceland and Jan Mayen. BSc Biology dissertation, University of Iceland.

Maunder, William (2021). The *Orcinus orca* of southern Iceland and their relationship with North Atlantic fish stocks. B.Sc. Marine Geography dissertation, University of Cardiff, UK. 50 pp

O'Brien, Eilidh (2021). Passive acoustic monitoring and seasonal occurrence of Icelandic killer whales in herring spawning grounds. MSc Marine Biology dissertation, University of St Andrews, UK. 50 pp

FYRIRLESTRAR OG KYNNINGAR

Jakobsdóttir, H, Neubarth, BK, Miller, PJO & Wensveen, PJ (2021). Group size and composition of northern bottlenose whales in waters between Iceland and Jan Mayen. The Icelandic Biology Conference 2021, Reykjavik, Iceland. (poster)

Neubarth, BK, Miller, PJO, Grove, T, Svavarsson, J & Wensveen, PJ (2021). Photo-identification of northern bottlenose whales (*Hyperoodon ampullatus*) in the Northeast Atlantic. The Icelandic Biology Conference 2021, Reykjavik, Iceland. (poster)

O'Brien E, Miller PJO and Samarra FIP (2021) Seasonal variation and tem-





RANNSÓKNASETUR HÍ Á SUÐURNESJUM

Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Forstöðumaður er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur og Hermann Dreki Guls var í fullu starfi á árinu. Sandra Dögg Georgsdóttir var í 30% starfi um sumarið en hún er jafnframt nemandi í líffefna- og sameindalíffræði við HÍ. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem voru sem fyrr nánir samstarfsaðilar.

Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum og kræklingi þar sem lögð er áhersla á vöktun, eiturefnavistfræði og líffræðilega mælikvarða í dýrunum í tengslum við mengun. Setrið sá áfram um kræklingasöfnun á landsvísu vegna AMSUM mengunarvöktunar, tók þátt í rannsóknum á uppsöfnun kadmíns í kræklingi sem safnað var víða á Vestfjörðum, framkvæmdi rannsóknir á mengun af völdum lífrænna tinsambanda úr botnmálinu skipa og gerði mælingar á efnainnihaldi og ensímavirkni í kræklingum í tengslum við mengandi efni nærri hafnarsvæðum á Reykjanesi. Setrið sá um mengunarvöktun og rannsóknir fyrir Veitur ohf. vegna meginfráveita frá Reykjavík og Kjalarnesi, vöktun fyrir iðjuverin á Grundartanga í Hvalfirði og fyrir Sorpu þar sem kræklingavöktun fór fram við Álfsnes.

Alþjóðlegt samstarf var viðamikilið á árinu. Setrið tók þátt í rafrænum fundi vinnuhóps innan ICES um áhrif mengandi efna á lífverur sem haldinn var 8.–12. mars. Setrið er aðili að SureAqua verkefninu sem styrkt er af NordForsk og leitt af Norce í Bergen og er doktorsverkefni Dani-

els Coaten við setrið, er snýr að rannsóknum og nýtingu á þara, fjármagnað að hluta í gegnum það verkefni. Þá eru rannsóknir setursins á umhverfisáhrifum fiskeldis í sjó einnig fjármagnaðar af SureAqua en líkt og undanfarin ár voru þau verkefni unnin í samstarfi með RORUM ehf. ásamt nokkrum erlendum aðilum. Starfsmenn setursins héldu áfram þátttöku í

AMAP-hópi um plastmengun á norðurslóðum (Litter and Microplastics Expert Group) fyrir hönd Umhverfisstofnunar og eru jafnframt í NordMar vinnuhópi um plastmengun á norðurslóðum en það verkefni er styrkt af Norræna ráðherraráðinu og leitt af Matís. Lokahönd var lögð á viðamiklar skýrslur AMAP- og ICES-vinnuhópanna og voru þær gefnar út undir lok ársins. Samstarf setursins

með Háskólanum í Basque Country á Spáni um áhrif olíumengunar á lífríki sjávar í Norður-Atlantshafi hélt áfram en það hófst árið 2018.


Kynningarstarf setursins var ívið viðaminna en áður sökum Covid-19 faraldursins en helst má nefna viðtöl í Morgunblaðinu um rannsóknir okkar á útbreiðslu grjótkrabba við Ísland og þátttaka forstöðumanns í viðburðinum „Vísindi á mannamáli - beint streymi á rafræna háskóladaginn“ frá Aðalbyggingu HÍ. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar komu í heimsókn í ágúst og fengu kynningu á starfsemi og rannsóknum setursins.

Starfsmenn setursins kenndu í þremur námskeiðum í líffræði við HÍ og forstöðumaður var jafnframt meðleiðbeinandi og í doktorsnefnd þriggja doktorsnema.

Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á Sæmundi fróða RE 32, 8 tonna bát í eigu HÍ, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknar-

Fjöldi rannsóknaverkefna:	8
Fjöldi samstarfsverkefna:	6
Fjöldi fræðimanna sem nýta sér aðstöðuna:	2
Doktorsnemar	3
Fjöldi námskeiða á vegum HÍ hjá setrinu:	2





verkefni á árinu, m.a. við rannsóknir Hafró á kalkþörungum í Hvalfirði og fornleifarannsóknir í sjó á Sundunum við Reykjavík á vegum rannsóknaseturs HÍ á Vestfjörðum.

RITASKRÁ

AMAP. 2021. Grösvik, B.E., Granberg, M.E., Kögel, T., Lusher, A.L., Gomiero, A., Halldórsson, H.P., Guls, H.D., Rochman, C.M., Magnusson, K. 3.1 Invertebrates (benthic and pelagic), pp. 116–129. Kafli í: AMAP Litter and Microplastics Monitoring Guidelines. Version 1.0. Arctic Monitoring and Assessment Programme (AMAP), Tromsø, Norway, 257 pp.

Bellas, J., Brooks, S., Anderson, H., Assuncao, M., Bignell, J., Guls, D., Halldórsson, H.P., Nyberg, E., Burgeot, T., Mauffrett, A., Raimundo, J., Hylland, K., Martinez-Gomez, C., Sánchez-Marín, P., Cobelo, A., Sturve, J., Catalano, B., Moltedo, G., Vethakk, D., Moran, C., Campbell, M., Martuccio, G., Tjensvoll, I., Kotterman, M., Kreitsberg, R., Lehtonen, K., Giltrap, M., McHugh, B., Pampanin, D., Tairova, Z. ICES. 2021. Working Group on Biological Effects of Contaminants (WGBEC). ICES Scientific Reports. 3: 65. 90 pp. <https://doi.org/10.17895/ices.pub.8222> ICES

Halldór Pálmar Halldórsson. „Hvernig geta krabbar andað bæði í sjó og á landi?“ Vísindavefurinn, 02.11.2021. <http://visindavefur.is/svar.php?id=82285>.

Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Joana Micael, Sindri Gíslason. 2021. Styrkur ólífræna snefilefna, PAH efna og lífræna fínsambanda í kræklingi í höfnum á Suðurnesjum haustið 2020. Verkefni unnið af Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands með styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og Umhverfisstofnun. Maí 2021, 13 bls.

ICES. 2021. Working Group on Biological Effects of Contaminants (WGBEC). ICES Scientific Reports. 3:65. 90 pp. <https://doi.org/10.17895/ices.pub.8222>. ISSN number: 2618-1371. Útgáfa: International Council for the Exploration of the Sea - Conseil International pour l'Exploration de la Mer. © 2021 International Council for the Exploration of the Sea. [Skýrslan er afrikstur árlegrar þátttöku og vinnufunda sl. þriggja ára þar sem Halldór og Hermann Dreki hafa verið aðilar að WGBEC hóp Alþjóðahafannsóknaráðsins (ICES) um líffræðileg áhrif mengandi efna á lífverur].

Sindri Gíslason, Hermann Dreki Guls, Joana Micael og Halldór Pálmar Halldórsson. 2021. Grijótkrabbavöktun 2020. Skýrsla Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Janúar 2021, 18

bls.

Sindri Gíslason, Joana Micael, Hermann Dreki Guls, Sölvi Rúnar Vignisson, Halldór Pálmar Halldórsson. 2021. Rannsókn á lífríki Kalmanstjarnar. Skýrsla Náttúrustofu Suðvesturlands, Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og Þekkingarseturs Suðurnesja, unnið fyrir Benchmark Genetics Iceland hf. Júní 2021, 42 bls.

Svararsson, J., Guls, H.D., Sham, R.C., Leung, K.M.Y., Halldórsson, H.P. 2021. Pollutants from shipping - new environmental challenges in the subarctic and the Arctic Ocean. Marine Pollution Bulletin 164: 112004. <https://doi.org/10.1016/j.marpolbul.2021.112004>

FYRIRLESTRAR OG KYNNINGAR

Halldór Pálmar Halldórsson. 2021. Erindi (rafrænt) haldið fyrir samstarfsaðila í Grikklandi þar sem aðkoma Háskóla Íslands í EEA samstarfinu var kynnt fyrir ráðamönnum og vísindafólki. Heiti erindis: “EEA grant bilateral relations between the University of Iceland and the Agricultural University of Athens”. Haldið í Apenu 20. janúar 2021. EUROPEAN ECONOMIC AREA - FINANCIAL MECHANISM 2014 - 2021 (EEA FM 2014 -2021). Programme GR-Environment “Water Management”.

Halldór Pálmar Halldórsson. 2021. Loftslag og lífríki [Climate change and biota – science communication with the public]. Vísindi á mannamáli – beint streymi á Háskóladeginum, sent frá Aðalbyggingu HÍ, 27. febrúar 2021.

Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls. 2021. Örplast í skeldýrum [Microplastics in bivalves]. Lagarlíf – ráðstefna um eldi og ræktun. Erindi haldið á Grand Hótel í Reykjavík, 28.–29. október 2021.

Hermann Dreki Guls. 2021. Áhrif aukinnar umferðar siglinga á Norðurslóðum. Við hverju má búast? Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2021. Erindi haldið í fjarfundi, 18. mars 2021.

Sindri Gíslason, Hermann Dreki Guls, Árni Kristmundsson, Joana Micael, Halldór Pálmar Halldórsson. 2021. High occurrence of shell disease in the non-indigenous Atlantic rock crab (*Cancer irroratus*) in Iceland. Líffræðiráðstefnan, Öskju og Íslenski erfðagreiningu, 14.–16. október 2021.

Þorleifur Eiríksson, Þorgerður Þorleifsdóttir, Leon Moodley, Halldór Pálmar Halldórsson, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Erlendur Gíslason, Kristján Lillendahl, Gunnar Steinn Jónsson, Jónatan Þórðarson, Kristín Ágústsdóttir, Þorleifur Ágústsson. 2021. Impact of Aquaculture on animal communities and estimation of resting time. Líffræðiráðstefnan 14. október 2021.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á SNÆFELLSNESI

Starfsmenn voru tveir, báðir í 100% starfi, Jón Einar Jónsson vísindamaður og nýr verkefnisstjóri, Jamie Noreen Carroll, sem hóf störf 1. júní.

Ellen Magnúsdóttir líffræðingur og Jón Jakobsson í Rifgirðingum störfuðu bæði með okkur sjöunda sumarið í röð að merkingum á æðarfugli. Þá fékkst styrkur frá Vinnuálastofnun til að ráða Svövu Kristínu Jónsdóttur sem sumarstarfsmann, hún tók þátt í merkingaverkefninu og vann að gagnaúrvinnslu og skýrslugerð.

Merkingaverkefnið er langtíma verkefni, unnið í samstarfi við landeigendur og styrt af Rannsóknasjóði HÍ. Merkingar á æðarfugli voru nokkuð takmarkaðar af óhagstæðu veðri 2021. Alls náðust eða endurheimtust 144 merktar æðarkollur í Breiðafirði, þar af voru 43 nýmerktar. Að þessu sinni var aðeins hægt að heimsækja Landey, Stakksey, Hjallsey og Rifgirðingar.

Norska Seatrack-verkefnið hélt áfram að kortleggja vetrarstöðvar og farleiðir 11 sjófuglategunda. Í ár voru settir út 12 hnattstöðuritar en ó slíkir voru endurheimtir. Nú hafa endurheimst 141 hnattstöðuritar en alls verið settir út 204 slíkir á árunum 2014-2021. Norsk Institutt for Naturforskning leiðir verkefnið sem mun standa a.m.k. til 2022.

Fjöldi rannsóknaverkefna:	5
Fjöldi samstarfsverkefna:	8
Fjöldi fræðimanna sem nýta sér aðstöðuna:	2
BS nemar	1

Tvö merkingaverkefni hófust 2020 og héldu áfram. Fyrst voru merktir nokkrir tugir mávsunga í Landey í júlí og svo 187 æðarungar í eldi að Keisbakka á Skógarströnd 20. júlí.

Dróni með innrauðri myndavél fékkst keyptur úr Tækjakaupasjóði HÍ 2020 og mun nýtast næstu árin, m.a. til kortlagningar búsvæðis umhverfis hreiður og hitamyndatöku á varpstöðum. Tilraunir með drónann gengu vel og var hann m.a. nýttur til að kortleggja æðarhreiður úr lofti til að flýta fyrir hreiðraleit.

Talningar á æðarungum, vatnafuglum og afkomu bjargfugla fóru fram eins og vant er. Vatnafuglar og bjargfuglar eru sem fyrr samstarf með Náttúrustofu Vesturlands. Álfir voru taldar um haustið í Álfafirði og þá tókum við þátt í jólatalningum Náttúrufræðistofnunar í janúar, með Álfafjörð, Vigrafjörð og Hofstaðavog.

Rannsóknasetrið tók þátt í Líffræðiráðstefnunni í nóvember með eitt veggspjald og Jón Einar hélt erindi fyrir námskeið Endurmenntunar LBHÍ fyrir matsmenn á æðardúni í apríl. Alls birtust átta greinar með þátttöku Rannsóknasetursins, mestu munaði um þemahefti frá Seatrack með fjórum





greinum í Marine Ecology Progress series, og svo skiludu sér alþjóðleg samstarfsverkefni um æðarfugl frá Póllandi og Kanada. Jón Einar var einn þriggja vísindamanna sem sögðu frá áhrifum loftslagsbreytinga á fugla Íslands í kynningarmyndbandi Náttúrufræðistofnunar, sem styrkt var af Loftslagsjói.

GREINAR

- Jón Einar Jónsson. 2021. Fuglakólara í villtum fuglum og áhrif hennar á æðarvörp. Náttúrufræðingurinn 91:46-55.
- Ejmond, A., Forchhammer, M., Varpe, Ø., Jón Einar Jónsson, Jørgensen, C. 2021. Early arrival of spring reduces nesting synchrony and clutch size but not offspring quality in capital breeding birds. *American Naturalist* 198: E122-E135.
- Reyd A. Smith, David J. Yurkowski, Kyle J.L. Parkinson, Jérôme Fort, Holly L. Hennin, H. Grant Gilchrist, Keith A. Hobson, Mark L. Mallory, Sveinn A. Hanssen, Jóhannis Danielsen, Svend E. Garbus, Jón Einar Jónsson, Christopher J. Latty, Børge Moe, Christian Sonne, Grigori Tertitski, and Oliver P. Love. 2021. Environmental and life-history factors influencing inter-colony and multidimensional niche metrics of breeding common eider. *Science of the total environment* 796: 148935
- Rune Dietz, Jérôme Fort, Christian Sonne, Céline Albert, Jan Ove Bustnes, Thomas Kjær Christensen, Tomasz Maciej Ciesielski, Jóhannis Danielsen, Sam Dastnai, Marcel Eens, Kjell Einar Erikstad, Anders Galatius, Svend-Erik Garbus, Olivier Gilg, Sveinn Are Hanssen, Björn Helander, Morten Helberg, Veerle LB Jaspers, Bjørn Munro Jenssen, Jón Einar Jónsson, Kaarina Kauhala, Yann Kolbeinsson, Line Anker Kyhn, Aili Lage Labansen, Martin Mørk Larsen, Ulf Lindstøm, Tone K Reiertsen, Frank F Rigét, Anna Roos, Jakob Strand, Hallvard Strøm, Signe Sveegaard, Jens Søndergaard, Jiachen Sun, Jonas Teilmann, Ole Roland Therkildsen, Thorkell Lindberg Thórarinnsson, Rune Skjold Tjørnløv, Simon Wilson, Igor Eulaers. 2021. A risk assessment of the effects of mercury on Baltic Sea, Greater North Sea and North Atlantic wildlife, fish and bivalves. *Environment International* 146: 106178.
- F. Amélineau, B. Merkel, A. Tarroux, S. Descamps, T. Anker-Nilssen, O. Bjørnstad, V.S. Bräthen, O. Chastel, S. Christensen-Dalsgaard, J. Danielsen, F. Daunt, N. Dehnhard, M. Ekker, K.E. Erikstad, A. Ezhov, P. Fauchald, M. Gavrilov, G.T. Hallgrímsson, E.S. Hansen, M.P. Harris, M. Helberg, H.H. Helgason, M.K. Johansen, J.E. Jónsson, Y. Kolbeinsson, Y. Krasnov M. Langset, S.-H. Lorentzen, E. Lorentzen, M.V. Melnikov, B. Moe, M.A. Newell, B. Olsen, T. Reiertsen, G.H. Systad, P. Thompson, T.L. Thórarinnsson, E. Tolmacheva, S. Wanless, K. Wojczulanis-Jakubas, J. Åström, H. Strøm. 2021. Comparative study of migration patterns of six pelagic seabird species. *Marine Progress Ecology* 676: 127-144.
- Dupuis, B., Amélineau, F., Tarroux, A., Bjørnstad, O., Bräthen, V.S., Danielsen, J., Descamps, S., Fauchald, P., Hallgrímsson, G.T., Hansen, E.S., Helberg, M., Helgason, H.H., Jónsson, J.E., Kolbeinsson, Y., Lorentzen, E., Thompson, P., Thórarinnsson, T.L., Strøm, H. 2021 Light-level geolocators reveal spatial variations in interactions between northern

fulmars and fisheries. *Marine Progress Ecology Series* 676:159-172.

Albert, C., Moe, B., Bräthen, V.S., Anker-Nilssen, T., Cherenkov, A., Christensen-Dalsgaard, S., Danielsen, J., Descamps, S., Erikstad, K.E., Gavrilov, M., Hanssen, S.A., Helgason, H.H., Jónsson, J.E., Kolbeinsson, Y., Krasnov, Y., Langset, M., Lorentzen, E., Olsen, B., Reiertsen, T.K., Strøm, H., Systad, G.H., Tertitski, G., Thompson, P.M., Thórarinnsson, T.L., Bustamante, P., Fort, J. 2021. Interannual variations in winter distribution impact individual seabird exposure to mercury. *Marine Progress Ecology Series* 676: 243-254.

Per Fauchald, Arnaud Tarroux, Françoise Amélineau, Vegard Sandøy Bräthen, Sébastien Descamps, Morten Ekker, Halfdan Helgi Helgason, Malin Kjellstadli Johansen, Benjamin Merkel, Børge Moe, Jens Åström, Tycho Anker-Nilssen, Oskar Bjørnstad, Olivier Chastel, Signe Christensen-Dalsgaard, Jóhannis Danielsen, Francis Daunt, Nina Dehnhard, Kjell Einar Erikstad, Alexey Ezhov, Maria Gavrilov, Gunnar Thor Hallgrímsson, Erpur Snær Hansen, Mike Harris, Morten Helberg, Jón Einar Jónsson, Yann Kolbeinsson, Yuri Krasnov, Magdalene Langset, Svein-Håkon Lorentzen, Erlend Lorentzen, Mark Newell, Bergur Olsen, Tone Kristin Reiertsen, Geir Helge Systad, Paul Thompson, Thorkell Lindberg Thórarinnsson, Sarah Wanless, Katarzyna Wojczulanis-Jakubas, Hallvard Strøm. 2021. The year-round distribution of Northeast Atlantic seabird populations: Applications for population management and marine spatial planning. *Marine Progress Ecology Series* 676: 255-276.

VEGGSPJÖLD Á LÍFFRÆÐIRÁÐSTEFNU 2021

Jón Einar Jónsson, Svava K. Jónsdóttir, Jamie N. Carroll & Ellen Magnúsdóttir. 2021. Brood counts of common eider in Breiðafjörður 2007-2021. *IceBio Conference on Biology*, Reykjavík 14-16 October 2021.

ERINDI FYRIR FAGHÓPA

Jón Einar Jónsson. 2021. Æðarfugl, lifnaðarhættir, líffræði og varpsþöðvar. Erindi fyrir námskeiðið Æðarrækt og æðardúnn, haldið af Æðarræktarfélagi Íslands og Endurmenntun LBHÍ, Keldnaholti 6. mars.

FYRIRLESTRAR

C. Albert, B. Moe, V. S.Bräthen, H.H. Helgason, J. Aström, F. Amélineau, T. Anker-Nilssen, F. Angelier, M. Brault-Favrou, I.S. Bringsvor, P. Bustamante, T.H. Carlsen, O. Chastel, S. Christensen-Dalsgaard, J. Danielson, F. Daunt, S. Descamps, K.-E. Erikstad, A. Ezhov, M. Gavrilov, D. Grémillet, G. Hallgrímsson, E.S. Hansen, S.-A., Hanssen, J.E. Jonsson, M. Langset, J. Lemaire, S.-H. Lorentzen, B. Merkel, B. Olsen, S.B. Ragnarsdóttir, T.K. Reiertsen, G.H. Systad, A. Tarroux, G. Tertitski, P. Thompson, K. Wojczulanis-Jakubas, T.L. Thórarinnsson, H. Strøm, J. Fort. 2021. Monitoring mercury distribution at the Atlantic-Arctic and sub-Arctic scale with the use of Arctic seabirds as bio-indicators. *Arctic Science Summit week 2021*. 24 March 2021.



WORLD SEABIRD 2021 VIRTUAL MEETING OCTOBER 4 – 8, 2021

<https://worldseabirdconference.com/program/>

FYRIRLESTRAR Á WORLD SEABIRD CONFERENCE (3)

Year-round exposure of pelagic Arctic-breeding seabirds to fisheries and other anthropogenic stressors in the Northeast Atlantic. Arnaud Tarroux, Françoise Amélineau, Tycho Anker-Nilssen, Oskar Bjørnstad, Ingar Bringsvor, Vegard Bråthen, Olivier Chastel, Signe Christensen-Dalsgaard, Johannis Danielsen, Francis Daunt, Nina Dehnhard, Sébastien Descamps, Morten Ekker, Kjell Einar Erikstad, Alexey Ezhov, Per Fauchald, Maria Gavriilo, Erpur Hansen, Mike Harris, Morten Helberg, Hálfaldán Helgason, Malin Johansen, Magdalene Langset, Svein-Håkon Lorentsen, Mikhail Melnikov, Benjamin Merkel, Børge Moe, Mark Newell, Bergur Olsen, Tone Reiertsen, Hallvard Strøm, Geir Systad, Paul Thompson, Thorkell Thorarinsson, Ekaterina Tolmacheva, Sarah Wanless, Katarzyna Wojczulanis-Jakubas, Jens Åström, Morten Frederiksen, Marie-Anne Blanchet, Mark Jessopp, Jamie Darby, April Hedd, Jón Einar Jónsson

A spatial ecotoxicology approach at multi-colony and multi species scales unravels mercury distribution in wintering seabirds across the North Atlantic Arctic. Céline Albert, Børge Moe, Vegard Bråthen, Halfdan Helgason, Jens Aström, Françoise Amélineau, Tycho Anker-Nilssen, Frédéric Angelier, Maud Brault-Favrou, Ingar Bringsvor, Paco Bustamante, Thomas Carlsen, Olivier Chastel, Signe Christensen-Dalsgaard, Johannis Danielsen, Francis Daunt, Sébastien Descamps, Kjell Einar Erikstad, Alexei Ezhov, Geir Gabrielsen, Maria Gavriilo, David Grémillet, Gunnar Hallgrímsson, Erpur Hansen, Sveinn-Are Hanssen, Jón Einar Jónsson, Yann Kolbeinsson, Yuri Krasnov, Magdalene Langset, Jérémy Lemaire, Svein-Håkon Lorentsen, Benjamin Merkel, Mark Newell, Bergur Olsen, Sunna Ragnarsdóttir, Tone Reiertsen, Kjetil Sagerup, Geir Systad, Arnaud Tarroux, Grigori Tertitski, Paul Thompson, Katarzyna Wojczulanis-Jakubas, Thorkell Thórarinnsson, Hallvard Strøm, Jérôme Fort


How do seabird migrations differ from other bird migrations? An assessment on six pelagic species of the North Atlantic. Françoise Amélineau, Benjamin Merkel, Arnaud Tarroux, Sébastien Descamps, Tycho Anker-Nilssen, Oskar Bjørnstad, Vegard Bråthen, Olivier Chastel, Signe Christensen-Dalsgaard, Johannis Danielsen, Francis Daunt, Nina Dehnhard, Morten Ekker, Kjell Einar Erikstad, Alexey Ezhov, Per Fauchald, Maria Gavriilo, Gunnar Hallgrímsson, Erpur Hansen, Mike Harris, Morten Helberg, Hálfaldán Helgason, Malin Johansen, Jón Einar Jónsson, Yann Kolbeinsson, Yuri Krasnov, Magdalene Langset, Svein-Håkon Lorentsen, Erlend Lorentzen, Mikhail Melnikov, Børge Moe, Mark Newell, Bergur Olsen, Tone Reiertsen, Geir Systad, Paul Thompson, Thorkell Thorarinsson, Ekaterina Tolmacheva, Sarah Wanless, Katarzyna Wojczulanis-Jakubas, Jens Åström, Hallvard Strøm

VEGGSPJÖLD Á WORLD SEABIRD CONFERENCE (2):

Quantifying inter-population variation in foraging niche flexibility to estimate resiliency to climate change in an arctic seabird Kyle Parkinson, Holly Hennin, Jerome Fort, Keith Hobson, H. Grant Gilchrist, Johannis Danielsen, Sveinn Are Hanssen, Jón Einar Jónsson, Christopher Latty, Mark Mallory, Børge Moe, Grigori Tertitski, Nigel Hussey, Oliver Love

Mercury contamination of Arctic seabirds: spatio-temporal trends and health impacts. Jerome Fort, David Grémillet, Hálfaldán Helgason, Céline Albert, Françoise Amélineau, Tycho Anker-Nielsen, Frédéric Angelier, Vegard Bråthen, Ingar Bringsvor, Thomas Carlsen, Olivier Chastel, Alexander Cherenkov, Signe Christensen-Dalsgaard, Johannis Danielsen, Francis Daunt, Sébastien Descamps, Rune Dietz, Kyle Elliott, Kjell Einar Erikstad, Igor Eulaers, Alexei Ezhov, Per Fauchald, David Fifield, Morten Frederiksen, Geir Gabrielsen, Maria Gavriilo, Grant Gilchrist, Olivier Gilg, Mathieu Giraudeau, Sindri Gíslason, Elena Golubova, Gunnar Hallgrímsson, Erpur Hansen, Sveinn Are Hanssen, Scott Hatch, Morten Helberg, Nicholas Huffeldt, Jón Einar Jónsson, Alexander Kitaysky, Yann Kolbeinsson, Yuri Krasnov, Magdalene Langset, Christopher Latty, Sarah Leclair, Svein-Håkon Lorentsen, Erlend Lorentzen, Oliver Love, Mark Mallory, Benjamin Merkel, Flemming Merkel, Børge Moe, William Montevecchi, Anders Mosbech, Mark Newell, Bergur Olsen, Rachael Orben, Kyle Parkinson, Alison Patterson, Isabeau Pratte, Jennifer Provencher, Sunna Ragnarsdóttir, Tone Reiertsen, Heather Renner, Gregory Robertson, Nora Rojek, Mark Romano, Kjetil Sagerup, Vladimir Semashko, Tuul Sepp, Christian Sonne, Geir Systad, Akinori Takahashi, Arnaud Tarroux, Grigori Tertitski, Paul Thompson, Ekaterina Tolmacheva, Alexis Will, Katarzyna Wojczulanis-Jakubas, Thorkell Thorarinsson, Paco Bustamante, Hallvard Strøm






STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla

tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, hreindýr, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði.

STARFSSTÖÐVAR STOFNUNAR RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS





RANNSÓKNASETUR HÍ Á VESTFJÖRÐUM

Við setrið störfuðu á árinu 2021 tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Við setrið störfuðu einnig á árinu þrjú doktorsnemar, einn meistaranemi, sérfræðingur á rannsóknastofu, þrjú sumarstarfsmenn og einn verknámsnemi. Nánari lýsing á nemendaverkefnum er hér að aftan. Setrið er til húsa að Hafnargötu 9b í Bolungarvík. Þar hefur verið unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað til rannsókna á strandsvæðum, bæði á sviði líffræði og fornleifafræði. Þessi uppbygging hefur skapað setrinu sess sem ákjósanlegur vettvangur til að sinna fjölbreyttum rannsóknum, t.d. sem krefjast kortlagningu búsvæða á hafsbötni, umhverfisstýrðum tilraunum á fiskum á rannsóknastofu, merkingu á fiskum á vettvangi og skráningu minjastaða á hafsbötni. Þá hefur þessi uppbygging gert setrinu enn frekar kleift að sinna samfélagsverkefnum af meiri krafti, t.d. með því að taka á móti hópum grunnskólanema. Þó að árið 2021 hafi verið óvanalegt og takmarkanir vegna sóttvarnaaðgerða einkennt árið gekk rannsóknastarf setursins að mestu leyti vel. Samarið var annasamt og fjöldi nema hjá setrinu, m.a. styrktir af átaki ríkissjóðs til að tryggja háskólanemum sumarstörf. Stórum rannsóknarverkefnum var komið áfram og önnur hafin eins og lesa má nánar um hér að aftan.

Þrjú doktorsnemar störfuðu við setrið árið 2021. Anja Nickel vinnur eins og kemur fram hér að ofan að verkefninu „Vistfræði og búsvæðanýting þorsfiskseiða við náttúrulegar aðstæður“. Theresa Henke vinnur að verkefninu „Landnám flundru (*Platichthys flesus*) á Íslandi“ og Michelle Valliant að verkefninu „Breytileiki innan og á milli algengra fiskitegunda í viðbrögðum við álagsþáttum í nærsjó“. Einn meistaranemi vann að verkefni sínu við setrið, Shaun Turnbull. Sem starfsmaður vinnur hann að verkefninu „Stofnsamsetning þorsseiða á uppeldisstöðvum metin með arfgerðagreiningum“. Þá vann BSc-neminn Kolbeinn Hrólfsson verkefnið „Lúsasmit og ferðir villtra silunga“, sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Rannsóknir ársins einkenndust af framvindu verkefna styrktra af Rannsóknasjóði Rannís en í upphafi árs 2019 hlaut Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir

verkefnastyrk til verkefnisins „Hreyfivistfræði þorsseiða“ og Anja Nickel doktorsnámsstyrk til rannsóknar sinnar „Vistfræði og búsvæðanýting þorsfiskseiða við náttúrulegar aðstæður“. Þessi verkefni eru nátengd og miða bæði að því að skilja vistnýtingu og breytileika í vistnýtingu þorsfiskseiða. Innan stærra verkefnisins er unnið sérstaklega að því að skilja svæðisnýtingu og atferli þorsseiða af ólíkum arfgerðum og hvernig þessir þættir breytast með tíma. Alls unnu þrjú rannsóknar- og sérfræðingur á rannsóknastofu og tveir sumarstarfsmenn að þessum verkefnum bæði við rannsóknir á atferli á rannsóknastofu, erfðafræðigreiningar og merkingar fiska í náttúrunni.

Annað stórt verkefni á sviði fiskmerkinga var styrkt af Umhverfissjóði sjókvíaldís á árinu. Það verkefni miðaði að því að rannsaka „Lúsasmit á villtum laxfiskum og hvort lúsasmit hefur áhrif á ferðir villtra laxfiska“, t.d. hvort fiskar sem eru smitadír af lús séu líklegri til að halda sig við sjókvár eða haldi sig mögulega mest við ferskvatn. Hlustunardufl voru úti í Dýrafirði frá júlí og fram í október 2021. Tuttugu fiskar voru merktir og náðust áhugaverðar forniðurstöður sem sýna að lúsasmitaður silungur hegðar sér öðruvísi en silungur með engar lús.

Á sviði fornleifafræði var haldið áfram með rannsóknir á „Hvalveiðistöðvum Norðmanna á Íslandi“ við upphaf tuttugustu aldar og í þetta sinn voru hvalveiðistöðvar á Stekkeyri í Hesteyrarfirði og Meleyri í Veiðileysufirði fornleifaskráðar. Einnig var haldið áfram með verkefnið „Fornleifarannsóknir á neðansjávarminjum“ en það verkefni miðar að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika. Árið 2021 var lokið við fyrsta áfanga rannsóknar sem miðar að því að kanna neðansjávarminjar á Sundunum við Reykjavík og voru skráðar 40 neðansjávarminjar og af þeim voru 11 skipsflök. Loks var unnið framkvæmdaverkefni neðansjávar við Langeyri í Álftafirði vegna tilvonandi landfyllingar fyrir Kalkþörungaverksmiðju. Markmið rannsóknarinnar var að kanna fjölda og ástand neðansjávarminja innan framkvæmdasvæðisins.

Þá voru doktorsrannsóknir Theresu Henke áberandi þáttur í starfi setursins 2021. „Landnám flundru á Íslandi“ er þverfræðilegt verkefni þar

Fjöldi rannsóknaverkefna:	5
Fjöldi samstarfsverkefna:	3
Fjöldi fræðimanna sem nýta sér aðstöðuna:	1
Doktorsnemar	3
MS nemar	1



sem beitt er erfðafræðilegum, vistfræðilegum og samfélagsfræðilegum aðferðum til að leita lausna á veru nýju, og mögulega ágengum, tegundarinnar flundru á Íslandi. Sumarið 2021 var farið um landið vegna sýnatöku til þessa verkefnis og fyrstu niðurstöður arfgerðagreininga liggja nú fyrir.

KYNNINGARSTARFSEMI OG ÚTGÁFA

Ólafsdóttir GÁ, Edvardsson R, Timic S, Harrison R & Patterson WP. (2021) Historical climate variability coincides with intra and interspecific niche expansion in North Atlantic demersal fish. *Scientific Reports* (11) 1. DOI: 10.1038/s41598-021-92243-7.

Anja Katrin Nickel, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Primary carbon sources in the coastal fish assemblage of Breiðafjörður. *Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands*. 16-17. Apríl. 2021.

Rosanne Beukeboom, Shaun Turnbull, Antoine Morel, Michelle Valliant, David Villegas-Ríos, Snæbjörn Pálsson, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, David Benháim. The correlation between personality and partial migration in Atlantic cod (*Gadus morhua*). *Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands*. 16-17. Apríl. 2021.

Theresa Henke, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. The social aspects of biological invasions – involving stakeholders in research on the European flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland. *Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands*. 16-17. Apríl. 2021.

Michelle Valliant, Ragnar Edvardsson, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Assessing the degree of mael habitat fragmentation affecting fish species richness and abundance. 16-17. Apríl. 2021.

Ragnar Edvardsson. Stóriðja í Jökulfjörðum. Hvalveiðistöðvar og þróun sjávarútvegs í upphafi 20. aldar. *Vísindakaffi á landsbyggðinni*. 30. september 2021.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á STRÖNDUM – ÞJÓÐFRÆÐISTOFA

Árið 2021 var gjöfult ár og gott hjá Rannsóknasetri HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu. Starfsemin er alltaf að eflast og starfsfólk setursins tekur þátt í margvíslegum fræði- og miðunarverkefnum. Þjóðfræðingarnir Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson voru í fullu starfi hjá setrinu allt árið. Guðlaug G. I. Bergsveinsdóttir þjóðfræðingur var hálf tónni á hálfu starfi við ljósmyndaverkefni sem unnið er í samstarfi við Sauðfjársetur á Ströndum og Áki Guðni Karlsson doktorsnemi í þjóðfræði var í fullu starfi fyrstu þriðja mánuði ársins við verkefni um íslenska þjóðtrú sem styrkt var af byggðaþróunarverkefninu Sterkum Ströndum og Uppbyggingarsjóði Vestfjarða. Samstarf var við Vilhelmínu Jónsdóttir þjóðfræðing og fleiri aðila um sumarverkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna 2021, með yfirskriftinni *Hundgá – Sögur af íslenska fjárhundinum*. Starfsmaður við það verkefni var Ingibjörg Sædís Bergsteinsdóttir, meistaranemi í þjóðfræði.

Gestafræðimenn nýttu aðstöðu Rannsóknasetursins á Hólumavík. Matthias Egeler, fræðimaður við Ludwig-Maximilians háskólann í München, dvaldi í tvo mánuði við rannsóknir sem tengjast örnefnum, menningarlandslagi og þjóðtrú. Á þeim tíma var lagt á ráðin um sameiginlegar umsóknir hans og setursins í evrópska rannsóknarsjóði. Catherine Chambers sem starfar m.a. hjá Háskólasetri Vestfjarða og Odele Straub stjórnufræðingur nýttu skrifstofuástöðu hjá setrinu í einn og tvo mánuði, Catherine við viðtals- og vettvangsrannsóknir sem tengjast sjávarháttum og sambúð manns og sjávar. Doktorsnemarnir Dagrún Ósk Jónsdóttir og Áki Guðni Karlsson nýttu aðstöðuna hjá setrinu til að vinna að sínum rannsóknum í ró og næði á Ströndum og fleiri fengu aðstöðu, skrifborð og stól, um styttri tíma. Dagrún Ósk tók enn fremur þátt í mörgum skemmtilegum miðunarverkefnum með starfsfólki setursins á árinu.

Áhugaverð og spennandi samstarfsverkefni voru í gangi. Rannsóknasetrið vann með Háskólasetri Vestfjarða og University of Western Brittany að verkefninu reMERCi og tók þátt í viðtalsrannsókn vegna þess. Samstarf er við Árnastofnun um skráningu á viðtölum við Vesturfara á Ismus.is og stórt samstarfsverkefni um gamlar ljósmyndir er í gangi með Sauðfjársetri á Ströndum sem er viðurkennt safn og menningarmiðstöð í héraðinu. Verkefni um samstarf safna á Norðurlandi vestra var unnið fyrir SSSNV, samtök sveitarfélaga í þeim landshluta. Unnið er að verkefni um Verndarsvæði í

byggð á Hólumavík í samvinnu við sveitarfélagið Strandabyggð sem fékk til þess styrk frá Húsafríðunarsjóði.

Lýkilverkefni í rannsóknum setursins á árinu 2021 voru vinna með dagbækur fyrri alda, gamlar ljósmyndir og íslenska þjóðtrú. Setrið gaf út bók á árinu með Sauðfjársetrinu á Ströndum. Hún heitir *Álagablettir á Ströndum* og er eftir Dagrúnu Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson. Þau settu einnig upp tímabundna sögusýningu með yfirskriftinni *Förufólk & flakkarar* í samvinnu við Sauðfjársetrið og verður sú sýning uppi á safninu næstu árin. Ljósmyndasýningar voru einnig settar upp í Sævangi og á Hólumavík. Starfsfólk setursins hélt fjölda fyrirlestra um rannsóknarefni sín á árinu, auk þess að skrifa pistla og greinar. Tveimur vefsíðum sem ætlunin er að byggja upp á næstu árum hefur verið komið á laggirnar, thjodtru.is og icelandicfolklore.is.

Samstarf við samfélagið á Ströndum er umtalsvert og hefur verið það allt frá stofnun Rannsóknasetursins. Það tekur jafnan virkan þátt í hátíðahöldum á svæðinu og á árinu 2021 voru hátíðirnar Vetrarsól á Ströndum í janúar, Hörmingadagar í febrúar, Náttúrubarnahátíð í júlí og Bókavík í nóvember meðal þeirra. Eins tóku starfsmenn virkan þátt í ráðstefnum um veröld víða og fluttu erindi bæði innanlands og erlendis (að mestu í gegnum Zoom forritið). Stærsta ráðstefnan var *Breaking the rules? Power, participation and transgression* sem haldin var af Evrópusamtökum þjóðfræðinga (SIEF). Ferðast var innanlands á landsbyggðarráðstefnu Félags þjóðfræðinga á Egilsstöðum og á Farskóla safnmanna í Stykkishólmi.

Heima fyrir stóð Rannsóknasetrið sjálft fyrir málþingum og ráðstefnum. Þar má helst nefna *Húmorþing* sem haldið var með námsbraut í þjóðfræði í mars, *Þjóðtrúarkvöldvöku: Pestir og plágur* í september með Sauðfjársetri á Ströndum og málþingið *Sum dýr eru jafnari en önnur ... Um þjóðfræði og dýrin stór og smá* með Galdrasýningu á Ströndum og nemendum í gagnýtri þjóðfræði í október. Eins tóku starfsmenn þátt í Sögurólum safnanna á Ströndum og Dölum sumarið 2021 og sáu um leiðsögn í nokkrum slíkum ferðum.

Áhersla er lögð á gott samstarf milli setursins og námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands. Jón Jónsson hefur stöðu aðjunktis og kenni á haustmisseri 2021 *Hagnýta þjóðfræði* (10 eininga námskeið á

Fjöldi rannsóknaverkefna:	8
Fjöldi samstarfsverkefna:	6
Fjöldi fræðimanna sem nýta sér aðstöðuna:	5
Fjöldi námskeiða á vegum HÍ hjá setrinu:	3



MA-stigi) í vinnulotu syðra, gegnum fjarfundi og á Hólmavík í verkefnaviku. Einnig sinntu Dagrún Ósk Jónsdóttir og Áki Guðni Karlsson háskólakennslu í Þjóðfræði og félagsvísindum á meðan þau voru að störfum hjá Rannsóknasetrinu á árinu.

Haldið var upp á fimm ára afmæli Rannsóknasetursins í september. Viðburður og kynning á verkefnum setursins var þá í Þróunarsetrinu og var um leið viðburður á Vísindakaffi í samvinnu við Rannís. Á þeim viðburði urðu þau ánægjulegu tímamót að sveitarfélagið og Háskóli Íslands skrifuðu undir samstarfssamning um rekstur setursins á Ströndum. Samningurinn festir starfseminu í sessi og tryggir að hún verði staðsett á Ströndum til framtíðar. Stefnumótunarvinna fór fram í tengslum við fimm ára afmælið og möguleikar til eflingar setursins skoðaðir. Skömmu fyrir afmælið kom forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, í heimsókn á Rannsóknasetrið og kynnti sér starfseminu og var góður og gagnlegur fundur með henni og Sæunni Stefánsdóttur, forstöðumanni Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands.

BÆKUR

Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2021). *Álagablettir á Ströndum*. Útg. Sauðfjársetur á Ströndum og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, Strandir.

SKÝRSLUR

Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2021). *Samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra*. Skýrsla fyrir SSNV (Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra), unnin af Rannsóknasetri HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu. [56 bls]

GREINAR

- Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2021). "Meðan ég lifi hér í heimi ..." Dagbók Jóns gamla Jónssonar. *Strandapósturinn*, 53. árg., s. 114-131.
- Áki Guðni Karlsson (2021). Live streaming last goodbyes. Webcasting from funerals in Iceland during the Covid-19 pandemic. Á vefnum *Icelandic Folklore*, birt 20. apríl.
- Eiríkur Valdimarsson (2021). Can we predict the weather this year based on Christmas? A folklorist's weather forecast for 2021. Á vefnum *Icelandicfolklore*, birt 23. feb.
- Eiríkur Valdimarsson (2021). Geta jólin spáð fyrir um veðurfar á komandi ári? Þjóðfræðingur spáir í veðrið fyrir árið 2021. Á Þjóðtrúarvefnum *thjodtru.is*, birt 11. feb.
- Eiríkur Valdimarsson (2021). Íslensk Þjóðtrú í Vesturheimi. Er hver vegur að heiman vegurinn heim? Á Þjóðtrúarvefnum *thjodtru.is*, birt 12. mars.

Eiríkur Valdimarsson (2021). The longest road out is the shortest road home. Icelandic folklore in America. Á vefnum *Icelandic Folklore*, birt 17. mars.

Jón Jónsson (2021). Óleyfilegar galdrakúnstir, fjölkynngi og fordæðuskapur. Um Strandamanninn Klemus Bjarnason og meinta glæpi hans. Á Þjóðtrúarvefnum *thjodtru.is*, birt 10. mars.

FYRIRLESTRAR

- Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir (2021). *Context and rules of enchanted places in Strandir Iceland*. SIEF ráðstefnu í Helsinki, í málstofunni: Places that take action: Narratives of transgression and normativity, 21. júní.
- Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2021). *Framtíðarsýn og saga Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum*. Kynning á Vísindakaffi og afmælishátíð Rannsóknasetursins, á Hólmavík 30. sept.
- Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2021). *Gleymt en þó geymt. Lækningsaðferðir alþýðu á fyrri öldum*. Fyrirlestur á Þjóðtrúarkvöldvöku: Pestir og plágur, á Sauðfjársetrinu í Sævangi, 23. sept.
- Áki Guðni Karlsson (2021). *Er þetta minn eða þinn sjóhattur? Eignarhald og innflutningur á bröndurum*. Fyrirlestur á Húmorspingi á Hólmavík 27. mars.
- Áki Guðni Karlsson (2021). *Dauðinn og Covid: Tækni, hefðir og verklag á kveðjustundu*. Fyrirlestur á Þjóðtrúarkvöldvöku: Pestir og plágur, á Sauðfjársetrinu í Sævangi, 23. sept.
- Eiríkur Valdimarsson (2021). *Manneskjan á milli línanna: Tilfinningar í dagbókum 19. aldar*. Fyrirlestur á Vegamótum – landsbyggðarráðstefnu Félags þjóðfræðinga og Minjasafns Austurlands, á Egilsstöðum 29. maí.
- Jón Jónsson (2021). *Táknmyndir á tímamótum. Brothættar byggðir og skeggjaðir skriflingar*. Fyrirlestur á Vegamótum – landsbyggðarráðstefnu Félags þjóðfræðinga og Minjasafns Austurlands, á Egilsstöðum 29. maí.
- Jón Jónsson (2021). *Sögur um stórlýgara*. Fyrirlestur á Húmorspingi á Hólmavík 27. mars.

SÝNINGAR

- Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2021): *Füfufólk & flakkarar*. Sögu-sýning á Sauðfjársetrinu í Sævangi, opnuð á Hamingjudögum á Hólmavík, 26. júní 2021.
- Jón Jónsson og Ester Sigfúsdóttir (2021): *Svipmyndir úr sveitinni. Úr myndaalbúmi Rósu Jónídu á Kirkjubóli*. Ljósmyndasýning á Kaffi Kind á Sauðfjársetrinu í Sævangi, opnuð á hátíðinni Vetrarsól á Ströndum 16. janúar 2021.
- Jón Jónsson (2021). *Gamlar myndir frá Hólmavík – úr myndamöppum Karls E. Loftssonar*. Ljósmyndasýning á hátíðinni Vetrarsól á Ströndum, í Þróunarsetrinu á Hólmavík 14.-17. janúar.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á NORÐURLANDI VESTRA

Rannsóknasetrið er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd og tók þar formlega til starfa árið 2010. Þar eru einkum stundaðar rannsóknir í sagnfræði og skyldum greinum. Forstöðumaður setursins er dr. Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur en auk hans starfa tímabundið við setrið Björn Rúnar Guðmundsson sem verkefnisstjóri og Harpa Rún Ásmundsdóttir í starfi sérfræðings. Þórunn Þorsteinsdóttir er jafnframt í tímabundnu hlutastarfi sem sérfræðingur. Á setrinu er bókasafn Halldórs Bjarnasonar til húsa. Þar er boðið upp á vinnuáðstöðu sem meðal annars er nýtt í samvinnu við ljósmyndasafn sveitarfélagsins og listamiðstöðina Nes en sökum heimsástandsins hefur verið minna um gestakomur á safnið en undanfarin ár. Safninu bárust á árinu veglegar bókgjafir frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands, Erlu Dóris Halldórsdóttur sagnfræðingi, Sigurgeiri Guðjónssyni sagnfræðingi, Sögufélagi og afkomendum Þórhalls Guttormssonar (1925-2009) og Önnu G. Þorsteinsdóttur (f. 1931). Þórhallur var cand. mag. í norrænum fræðum og kenndi lengst af við Verslunarskólann auk þess sem hann var prófarkalesari hjá Sjónvörpinu. Anna er Verslunarskólalagengin og vann sem ritari um tíma. Loks barst safninu viðbót úr safni Halldórs Bjarnasonar fyrir tilstilli Elínar Hannesdóttur, ekkju Halldórs. Kunnum við öllum gefendum bestu þakki fyrir gjafirnar og velviljann í garð setursins og bókasafnsins okkar.

Þann 1. mars 2019 hófst við setrið vinna við verkefnið Gagnagrunnur sáttanefndabóka, 1798–1936. Um er að ræða fimm ára verkefni sem unnið er í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og felst í að koma varðveittum sáttabókum frá tímabilinu á veflægt form ásamt því að efnisskrá bækurnar og útbúa leitarbæran gagnagrunn um innihald þeirra. Þórunn Þorsteinsdóttir hefur verið verkefnisstjóri frá upphafi en hún flutti sig um set síðastliðið haust og hóf störf hjá Þjóðskjala-

safni Íslands. Hún verður þó um skeið í hlutastarfi við setrið og aðstoðar Vilhelm við rannsóknir á störfum sáttanefnda. Björn Rúnar Guðmundsson var ráðinn verkefnisstjóri í hennar stað og hóf hann störf þann 1. október síðastliðinn. Verkefnið er fjármagnað að stærstum hluta með veglegum styrk úr sjóði tengdum stefnumótandi byggðaaáætlun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins en það hefur einnig hlotið styrki úr öðrum sjóðum. Árið 2020 hlaut verkefnið styrk úr Innviðasjóði sem gerði okkur kleift að ráða tímabundið sérfræðing til verkefnisins. Harpa Rún Ásmundsdóttir var ráðin í starfið og hóf störf í janúar 2021. Samningur hennar var endurnýjaður í nóvember á grundvelli viðbótarstyrks úr sama sjóði.

Fjórir sumarstarfsmenn voru við Rannsóknasetrið árið 2021. Ása Ester Sigurðardóttir og Unnur Helga Vífilisdóttir, namar í sagnfræði við HÍ, störfuðu við skráningu sáttabóka úr Gullbringu- og Kjósarsýslu á grundvelli styrks úr Nýsköpunarsjóði námsmanna en Georg Gylfason, sagnfræðingur og MA-nemi í hagnýtri hagfræði, starfaði við verkefnið „Nýlendukindur á Grænlandi 1915–1940“ á styrk úr sama sjóði. Síðarnefnda verkefnið tengist langtímaverkefni Vilhelms um Grænlandsdvöl Rannveigar H. Línal og munu þeir eiga frekara samstarf um útgáfu þegar fram líða stundir. Þá starfaði Emil Gunnlaugsson, MA-nemi í sagnfræði, sem aðstoðarmaður Vilhelms við rannsóknir á hreyfanleika vinnuafis á 18. og 19. öld og rituðu þeir í sameiningu bókafla um efnið sem væntanlegur er til útgáfu árið 2023. Í desember var Ingimar Jenni Ingimarsson, BA nemi í sagnfræði, jafnframt í hlutastarfi við verkefnið Heimaslóðir Jóns Árnasonar. Það er samstarfsverkefni Rannsóknasetursins og sveitarfélaganna Skagastrandar og Skagabyggðar og snýr að gerð vefsíðu og smáforrits um þjóðsögur og heimaslóðir Jóns Árnasonar (1819–1888) á Skagaströnd sem ætlað er

Fjöldi rannsóknaverkefna:	5
Fjöldi samstarfsverkefna:	3



að hvetja til aukinnar ferðamennsku um svæðið. Vefsíða var opnuð um verkefnið í árslok.

Vilhelm á aðild að alþjóðlega verkefninu Worlds of Related Coercions in Work (WORCK) sem hlaut á árinu 2019 veglegan COST Action styrk til fimm ára. Vilhelm situr í miðstjórn verkefnisins og leiðir einn af vinnuhópum þess. Verkefninu er ætlað að skapa öflugt tengslanet fræðimanna sem vinna með þvingaða atvinnu í sögulegu samhengi. Því fylgja tíðir vinnufundir, ráðstefnur um tengd málefni, samvinna við ritun fræðigreina og sameiginlegar útgáfur á greinasöfnum og sérheftum tímarita. Í tengslum við verkefnið vinnur Vilhelm að ritstjórn bókar og eins sérheftis í samstarfi við fræðimenn víða um Evrópu. Starfsemi verkefnisins hefur takmarkast mjög sökum heimsástandsins en vinnufundir hafa að mestu verið færðir á netið og hefur Vilhelm skipulagt og stýrt fjölmörgum slíkum á árinu. Vilhelm tók jafnframt þátt í ráðstefnu sem verkefnið stóð að í samvinnu við European Labour History Network í Vínarborg 30. ágúst til 3. september 2021.

Vilhelm vinnur áfram að rannsóknum á heimi vistarbandsins, á selveiðum við Húnaflóa í sögulegu samhengi og hugmyndaheimi íslenskra innflytjenda í Vesturheimi um aldamótin 1900 og ýmsu öðru. Ein ritrýnd grein kom út á árinu auk greinar í héraðstímaritinu Húna. Þar að auki kom út bókarkafli um vísindasögu og aðferðafræði sem Vilhelm skrifaði í samvinnu við Odd Vilhelmsson, prófessor í líftækni við Háskólann á Akureyri. Vilhelm situr áfram í doktorsnefnd Sólveigar Ólafsdóttur, doktorsnema í sagnfræði. Loks gegnir Vilhelm enn starfi ritstjóra Sögu, sem er fremsta fagfólk sagnfræðinga á Íslandi og kemur út tvisvar á ári.

ÚTGEFIN RIT

Vilhelm Vilhelmsson. 2021. „Frá búdrýgindum til markaðsveiða: Selveiðar og selveiðihlunnindi við Húnaflóa, 1703–1918“, *Skírnir* 195 (vor): 158–192.

Vilhelm Vilhelmsson. 2021. „Ágrip af sögu hitaveitu á Hvammstanga“, *Húni* 42: 64–73.

Oddur Vilhelmsson og Vilhelm Vilhelmsson. 2021. „Að læra af mistökum annarra: Um mikilvægi vísindasögunnar við hönnun og framkvæmd rannsókna“, í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*. Ritstj. Sigríður Halldórsdóttir. Akureyri: Háskólinn á Akureyri, 51–66.

SKÝRSLUR

Ása Ester Sigurðardóttir og Unnur Helga Vífilsdóttir, „Sáttanefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1798–1936“. Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Umsjónarmaður: Vilhelm Vilhelmsson.

Georg Gylfason, „Nýlendukindur á Grænlandi 1915–1940“. Lokaskýrsla



til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Umsjónarmaður: Vilhelm Vilhelmsson.

Harpa Rún Ásmundsdóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Norður- og Suður-Múlasýslu 1798–1936“. Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson.

Ingimar Jenni Ingimarsson. „Heimaslóðir Jóns Árnasonar.“ Lokaskýrsla í verkefninu Heimaslóðir Jóns Árnasonar. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson.

Þórunn Þorsteinsdóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Eyjafjarðarsýslu 1798–1936.“ Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson.

Þórunn Þorsteinsdóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Skagafjarðarsýslu 1798–1936.“ Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson.

Þórunn Þorsteinsdóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Húnavatnssýslu 1798–1936.“ Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson.

FYRIRLESTRAR

Vilhelm Vilhelmsson, „Selveiðar og þróun þeirra við Húnaflóa frá 18. öld til 20. aldar“. Ársfundur Stofnunar Rannsóknarsetra HÍ. 18. mars 2021. Opinn rafrænn fundur.

Vilhelm Vilhelmsson og Claudia Bernardi, „Intersections of labour im/mobility“, WORCK Meeting 2, 24 febrúar 2021. Rafræn ráðstefna með takmörkuðu aðgengi.

Vilhelm Vilhelmsson, „Responding to coercion: Servants, peasants and everyday resistance in nineteenth century Iceland“ í málstofunni Servant Laws, Compulsion, and Resistance in the Nordic Countries 1500–1900 á ráðstefnunni European Social Science History Conference 2021. Rafræn ráðstefna. 24. mars 2021.



RANNSÓKNASETUR HÍ Á HÚSAVÍK

Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík eru aðallega stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum. Setrið var stofnað haustið 2007 og forstöðumaður þess er dr. Marianne Helene Rasmussen, líffræðingur og sérfræðingur í sjávarspendýrum. Auk hennar voru tveir starfsmenn í hluta-
störfum við setrið allt árið. Egill Aðalgeir Bjarnason í starfi skipstjóra, auk þess að sinna öðrum fjölbreyttum verkefnum sem til falla við setrið. Charla Basran, doktorsnemi við rannsóknasetrið, varði doktorsverkefni sitt um haustið. Í doktorsverkefninu skoðaði hún hnúfubaka sem flækjast í veiðar-
færi við Ísland. Charla starfar nú sem nýdoktor við setrið.. Að auki starfaði doktorsneminn Tatiana Marchon við setrið, sem og í Vestmannaeyjum, en rannsóknir hennar snúa að háhyrningum. Þá hóf doktorsneminn Maria Glarou nám við rann-
sóknasetrið um sumarið. Hún hagnýtir dróna við rannsóknir sínar og er titill doktorsverkefnis hennar „Life in a cold-water environment: allometric
adaptations of cetaceans in Skjálfandi Bay, Iceland“.

Rannsóknasetrið er þátttakandi í norræna öndvegissætursverkefninu ARCPATH – Arctic Climate Predictions: Pathways to Resilient, Sustainable Societies.

Setrið tók einnig þátt í rannsókn um áhrif nýrrar tækni við oluleit á steypireyðar og hnúfubaka og samskipti þeirra. Verkefnið var unnið í samstarfi við Háskólann í Hannover. Sérstakir hljóðnemar voru festir á dýrin með sogskálum og hljóðbylgjur sendar frá magnara um borð í báti rannsakenda. Viðbrögð dýranna voru mæld í kjölfarið og áhrif hljóðsins metin. Verkefnið var fjármagnað af þýska umhverfisráðuneytinu.

Forstöðumaður rannsóknasetursins tók þátt í verkefni sem fjármagnað er af Office of Naval Research (ONR) um heyrn svartfugla. Markmið verkefnisins er að mæla heyrn þriggja svartfuglategunda, langnefju, stuttnefju og lunda, með notkun hljóðrænnar mælitækni. Samstarfsaðilar í verkefni-
nu eru dr. Aran Mooney frá Woods Hole Oceanographic Institution og dr. Ole Næsby Larsen frá University of Southern Denmark. Um sumarið var unnið að mælingu á heyrn langvíu í Vestmannaeyjum.

Við Vinna hófst við verkefnið Arctic Sense, sem styrkt er af Nordplus. Markmið verkefnisins er að búa til kennslufni fyrir börn með aðstoð sýndarveruleika. Þrír skólar, á Húsavík, í Danmörku og Noregi, taka þátt í verkefninu, auk Hvalasafnsins á Húsavík, Norðursjávarsafnsins í Danmörku og safns í Noregi. Myndbandsefni var safnað í leiðangri Barba (barba.no) til Svalbarða sumarið 2021, en einnig verður notað efni sem safnað var í heimsókn Barba til Húsavíkur árið 2019.


Rannsóknasetrið starfar sem fyrr í nánu samstarfi við Hvalasafnið á Húsavík. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsmenn og sjálfböðaliðar tóku í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík.

Haustið 2020 voru tvö upptökutæki sett í sjóinn og er tilgangur þeirra að taka upp hljóð tengd fari hvala, einkum steypireyða. Upptökutækin voru tekin á land haustið 2021.. Verkefnið er fjármagnað af WWF og unnið í samstarfi við Ocean Mission og hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursiglingu.

Að venju var alþjóðlegt samarnámskeið, Studying Marine Mammals in the Wild, haldið á Húsavík í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands í júní. Námskeiðið sóttu 32 nemendur frá 15 þjóðlöndum.

Marianne Rasmussen var meðleiðbeinandi fjögurra doktorsnema og þriggja meistaranema á árinu. Alls unnu 17 erlendir nemar, þar af nokkrir starfsmenn, að fjölbreyttum verkefnum við setrið árið 2021. Í flestum tilvikum var um að ræða verklegan hluta náms þeirra við erlenda háskóla. Nemarnir dvöldu á Húsavík í nokkra mánuði í senn og höfðu aðstöðu í húsnæði á vegum setursins.

Fjöldi rannsóknaverkefna:	4
Fjöldi samstarfsverkefna:	7
Doktorsnemar	3
MS-nemar	3
Útskrifaður doktorsnemi	1
Fjöldi námskeiða á vegum HÍ hjá setrinu:	1



Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á bát í eigu Háskóla Íslands, Arcpath, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á árinu.

Rannsóknasetrið á Húsavík á gott samstarf við sveitarfélagið Norðurþing, sem hefur reynst mikilvægur bakhjarl, m.a. við útvegum húsnæðis fyrir erlenda háskólanema.

RITASKRÁ

- Basran, C and Rasmussen, M (2021). Fishers and whales in Iceland: Details of whale interactions with fishing gear from the fishers' perspective, with focus on humpback whales (*Megaptera novaeangliae*). *J. Cetacean. Res. Manage.* 22: 111-128
- Bertulli, CG, Rasmussen, MH, Rosso, M (2021). Fission-fusion dynamics of a pelagic delphinid in the arctic: the white-beaked dolphin (*Lagenorhynchus albirostris*). *Integrative Zoology* 2021; 0: 1–15
- Pampoulie, C, Gíslason, D, Ólafsdóttir, G Chosson, V, Halldórsson, SD, Mariani, S, Elvarsson, B, Rasmussen, MH, Iversen, MR, Daniëlsdóttir, AK Gíslí A. Víkingsson, GA (2021). *Evidence of unidirectional hybridization and second-generation adult hybrid between the two largest animals on earth. Evolutionary Applications.* 2020;00:1–8.
- Rössler, H, Tougaard, J, Sabinsky, PF, Rasmussen, MH, Granquist, SM, and Wahlberg, M (2021). Are Icelandic harbor seals acoustically cryptic to avoid predation? *JASA Express Lett.* 1 (3), 1-7.

Yuan, Y, Zhang, Y, Zhang, P, Liu, C, Wang, Gao, J, Lv, M, Lin, M, Dong, L, Gao, Yang, Z, Seim, I, Caruso, F, Lin, W, Hoelzel, AR, da Fonseca, RR, Wang, D, Wang, X, Rasmussen, MH, Liu, M, Zheng, J, Zhao, L, Campos, PF, Kang, H Iversen, M, Song, Y, Guo, X, Guo, J, Qin, Y, Pan, S, Xu, Q, Meng, L, Liu, YAS, Lee, SM-Y, Liu, X, Xu, X, Yang, H, Fan, G, Wang, K, Li, S (2021). Comparative analyses of 35 marine mammal genomes provide insights into the evolution of aquatic life. *PNAS* 2021 Vol. 118 No. 37 e2106080118

Zahn, M, Laidre, KL, Stolz, P, Rasmussen, MH and Koblitz, JC (2021). Vertical sonar beam width and scanning behavior of wild belugas (*Delphinapterus leucas*) in West Greenland. *PLoS ONE* 16(9): e0257054. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0257054>

Zahn, M, Rankin, S, McCullough, JLK, Jens C. Koblitz, JC, Archer, F, Rasmussen, MH and Laidre, KL (2021). Acoustic differentiation and classification of wild belugas and narwhals using echolocation clicks. *Sci Rep* 11, 22141. <https://doi.org/10.1038/s41598-021-01441-w>

KYNNINGAR/ERINDI

Basran, C (2021). Global examples of cetacean entanglement/bycatch underreporting and the case of humpback whale entanglement in Iceland

Rasmussen, M (2021). Latest research on blue whales in Skjálfandi Bay.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á AUSTURLANDI


Meginmarkmið setursins eru að auka þekkingu á sögu samfélags og náttúru Austurlands, stunda og stuðla að rannsóknum á sögu, samfélagi og náttúru á Austurlandi, efla samstarf Háskóla Íslands við menningarstofnanir, vísindamenn og fræðafélög á Austurlandi og vinna að sérfræðiverkefnum eins og tilefni og kostur er.

Eitt stöðugildi var við rannsóknasetrið árinu 2021, líkt og árin á undan, staða forstöðumannsins Unnar Birnu Karlsdóttur. Staðan felur í sér rannsókn-arhlotverk og stjórnun setursins. Sumarið 2021 vann háskólanemi að rannsókn á vegum setursins. Það tækifæri gafst vegna átaks ríkisins um sumarstörf stúdenta, með aðkomu Vinnuálastofnunar, og Háskóla Íslands. Ráðin var Marín Árnadóttir, MA-nemi í sagnfræði við Háskóla Íslands. Verkefni hennar bar yfirskriftina „Sérkennilegt fólk á Aust-

urlandi“ og var gefið út sem hluti af stærri rannsókn Marínar í greinasafni ýmissa fræðimanna með titlinum Þættir af sérkennilegu fólki, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 18, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2022.

Vinnuheiti stærstu verkefna setursins hingað til hafa verið „Saga hreindýra á Íslandi“, „Með örafen í bakgarðinum – um tengsl samfélags og hálendis á Austurlandi“, „Menningarminjar á bökkum Jöklu, samfélag, náttúra og saga“, „Glæpur og refsing í Múlþingi: Rannsókn á brotamálum í Múlasýslum á 18 og 19. öld“, „Fiskeldi í sjó; bjargvættur eða bölvun? Um viðhorf til fiskeldis í sjókvíum á Íslandi“ og „Náttúruvernd og umhverfismál; ýmis nálgun“, „Austurland; samfélagsþróun“, og síðast en ekki síst rannsóknin „Konan sem kannaði leyndardóma jöklanna: Emmy

Fjöldi rannsóknaverkefna:	5
Fjöldi samstarfsverkefna:	1
Fjöldi fræðimanna sem nýta sér aðstöðuna:	1





M. Todtmann og rannsóknir hennar á Íslandi“. Auk þess voru á árinu lögð drög að rannsókn um menningarminjar í landslagi og list í landslagi á Austurlandi.

Samstarf hófst á árinu við Þjóðaskjalasafn Íslands um gagnaöflun við verkefnið „Glæpur og refsing í Múlaþingi á 18.-19. öld“.

Áframhald var í vinnu við verkefnið „Verndarsvæði í byggð“ í þéttbýli Egilsstaða, sem Rannsóknasetrið vinnur fyrir sveitarfélagið Múlaþing.

Forstöðumaður setursins sinnti setu í stjórnun og félögum eins og við á í tengslum við starfsemi rannsóknasetrana á landsbyggðinni þar sem markmiðið í starfseminni er ekki aðeins að sinna vísindalegum rannsóknum heldur einnig að vinna að samfélagslegum verkefnum á ýmsum sviðum.

RITASKRÁ

Unnur Birna Karlsdóttir, „Progress or Mistake? Introduction of reindeer to Iceland in the 18th Century“, *1700-tal: Nordic Journal for Eighteenth-Century Studies* 18 (2021), bls. 104–126.

Unnur Birna Karlsdóttir, „Olympe de Gouges og fyrsta kvenréttindayfirlýsingin“, *Tímarit Máls og menningar* 82:2 (2021), bls. 83–91.

FYRIRLESTRAR

Unnur Birna Karlsdóttir, „Kona á ferð á austuröræfum. Um rannsóknaleiðangra dr. Emmy M. Todtmann norðan Vatnajökuls um miðja 20. öld“. Fyrirlestur haldinn 21. ágúst 2021 á málþingi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Breiðdalsvík, í Gamla Kaupfélaginu á Breiðdalsvík.

Unnur Birna Karlsdóttir, „Þorp verður til – Lög um kaupþún á Egilsstöðum“. Fyrirlestur haldinn á landsfundi Félags íslenskra Þjóðfræðinga 29. maí 2021 í Valaskjálfi á Egilsstöðum.



RANNSÓKNASETUR HÍ Á BREIÐDALSVÍK



Árið 2021 var fyrsta starfsár Rannsóknaseturs HÍ á Breiðdalsvík og viðburðaríkt eftir því.

María Helga Guðmundsdóttir verkefnisstjóri hóf störf 1. janúar 2021. Staða verkefnisstjóra við setrið er fjármögnuð til hálf af HÍ og til hálf af Náttúrufræðistofnun Íslands og mynda verkefni við NÍ því drjúgan hluta af verkswiði Maríu. Þar ber hæst umsjón með borkjarnasafni NÍ á Breiðdalsvík og þátttaka í jarðfræðikortlagningu á Austurlandi. Fyrstu fjóra mánuði ársins starfaði María í höfuðstöðvum Náttúrufræðistofnunar í Garðabæ, setti sig inn í starfsemi stofnunarinnar og myndaði tengsl við samstarfsfólk.

Í janúar var Tobias Björn Weisenberger ráðinn forstöðumaður rannsóknasetursins. Tobias hóf störf þann 1. maí og um sama leyti fluttu bæði María og Tobias á Breiðdalsvík. Höfst starfsliðið þá handa við að setja upp aðstöðu rannsóknasetursins í Gamla kaupfélaginu og undirbúa formlega opnun setursins. Gamla kaupfélagið hafði áður hýst starfsemi Breiðdalsseturs ses., vísinda- og fræðaseturs, og byggir starfsemi Rannsóknaseturs HÍ á þeim grunni.

Rannsóknasetrið hefur samstarf við Breiðdalssetur um ýmis verkefni sem áður tilheyrdi starfsemi þess síðarnefnda, þar á meðal metnaðarfullt sýningahald. Starfsfólk rannsóknasetursins skrifaði og setti upp yfirlitssýningu yfir jarðfræði Íslands og Austurlands sem byggir að hluta á eldri sýningum Breiðdalsseturs. Jafnframt eru í húsnæðinu sýningar frá Breiðdalssetri um jarðfræðinginn George Walker og málvísindamanninn Stefán Einarsson, sem báðir höfðu sterk tengsl við Breiðdal. Arna Silja Jóhannsdóttir, sumarstarfsmaður Breiðdalsseturs til margra ára, var ráðin verkefnisstjóri við rannsóknasetrið yfir sumarmánuðina og sá m.a. um mótöku safngesta og uppsetningu viðburða.

Rannsóknasetrið var opnað við hátíðlega athöfn þann 17. júní og yfirlitssýningin sömuleiðis. Opnunina sóttu ýmsir góðir gestir og við það tækifæri var undirritaður samstarfssamningur við Fjarðabyggð, sem leggur setrinu til 10 milljónir króna á árunum 2022, 2023 og 2024. Í sumarlok

var haldið málþing í samstarfi við Breiðdalssetur, sem hefur haldið slíkt málþing árlega um langa hríð. Voru þar haldin fjölbreytt erindi á sviði jarðvísinda og hugvísinda.

Tobias fór í rannsóknarleiðangra til Surtseyjar um sumarið og vann að greinaskrifum, styrkjasókn og þróun rannsóknarverkefna á Austurlandi. Rannsóknirnar einblína á samspil vökva og bergs í jarðhitakerfum. Forn jarðhitakerfi sem varðveitt eru í berggrunni frá tertíer á Austurlandi veita einstaka innsýn í ferli sem eiga sér stað á margra kílómetra dýpi í virkum jarðhitakerfum. Þar er unnt að kanna samspil bergs og vökva í eldstöðverkefnum í tímans rás. Rannsóknirnar beinast einkum að svæðisbundinni myndbreytingu vegna feringar, megineldstöðvum sem ein-kennast af hærra varmastreymi, massaflæði þessu tengdu og þróun gleypni og lektar. Um haustið komu út þrjár ritýndar greinar á þessu sviði eftir Tobias og meðhöfunda.

Yfir sumartímamann vann María við skráningar og úrbætur á gagnagrunni borkjarnasafnsins með Hrafnkeli Hannessyni, aðstoðarmanni á borkjarnasafninu, og Fransie Anne Williams, meistaranema við HÍ sem vann fyrir Náttúrufræðistofnun yfir sumartímamann. Fransie og María vörðu einnig tveimur vikum við jarðfræðikortlagningu á Hallormsstaðarhálsi og við Ódáðavötn.

Haustmánuðum varði María í yfirferð á safnkosti og stafrænum gögnum Breiðdalsseturs, sem rannsóknasetrið hefur umsjón með, sem og uppbyggingu fræðslusamstarfs við Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla.

RITASKRÁ

Montanaro C, Mortensen A.K., Weisenberger T.B., Dingwell D.B. & Scheu B. (2021) Stratigraphic reconstruction of the Víti breccia at Krafla volcano (Iceland): insights into preeruptive conditions priming explosive eruptions in geothermal areas. *Bulletin of Volcanology*, 83(11), 81 (doi: 10.1007/s00445-021-01502-y).

Nelson C.J., Jacobson A.D., Kitch G.D. & Weisenberger T.B. (samþykkt 09/2021) Large calcium isotope fractionations by zeolite minerals from Iceland. *Communications Earth & Environment*, 2 (1) (doi: 10.1038/s43247-021-00274-9).

Fosu B., Ghosh P., Weisenberger T.B., Spürigin S. & Viladkar S.G. (2021) A triple oxygen isotope perspective on the origin, evolution, and diagenetic alteration of carbonatites. *Geochimica et Cosmochimica Acta*, 299, 52-68 (doi: 10.1016/j.gca.2021.01.037).

RITSTJÓRN


Tobias Björn Weisenberger ritstýrði steinda- og jarðefnafræðitímaritinu *Neues Jahrbuch für Mineralogie – Abhandlungen*.

Tobias Björn Weisenberger sinnti ritstjórnarstörfum fyrir Surtseyjarfélagið. María Helga Guðmundsdóttir prófarkalas Skírni, tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.

SÝNINGAR

Tobias Björn Weisenberger, María Helga Guðmundsdóttir og Amel Barich (2021): Jarðfræði Íslands og Austurlands. Veggspjaldasýning á Rannsóknasetri HÍ á Breiðdalsvík, opnuð á opunarhátið rannsóknasetursins 17. júní.





**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**